

Umsögn Afstöðu, félags fanga á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 1193 — 714. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Apríl 2021

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, fagnar því að umrædd áform um frumvarp séu komin fram og lýsir yfir afdráttarlausum stuðningi við það að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi – og að lokum gert að lögum. Félagið vonar að með frumvarpinu verði stigið spor í rétta átt enda getur það orðið til að auka möguleika fólks með vímuefnavanda til að takast á við og halda honum niðri.

Afstaða stendur fyrir betrun fanga og skaðaminnkandi úrræðum, en mjög stór hópur þeirra eru eða hafa verið háðir vímuefnum. Félagið er því hin eiginlega „grasrót“ hóps sem fjallað er um í þessu máli og stöndum við vörð um hagsmuni þeirra út á við. Við höfum fyrir stuttu sent umsögn um þetta mál fyrr í ferlinu og okkur til mikilla ánægju höfum við séð að tekið hefur verið mikið tillit til okkar athugasemda og viljum við því um leið þakka Heilbrigðisráðuneytinu og ráðherra heilbrigðismála fyrir taka skref í átt að meiri mannúðar og skaðaminnkunarstefnu í málefnum notenda vímuefna og um leið snúa frá refsistefnunni sem hefur skemmt svo mikið á undanförnum áratugum.

Refsingar fyrir smávægileg vímuefnabrot geta eingöngu orðið til þess að fólk með vímuefnavanda festist í viðjum vímuefna til langframa. Í mörgum tilvikum eru skuldir fólks með vímuefnavanda þær sem greiða þarf ríkinu í sektir fyrir sömu neyslu. Sjaldnast geta þessir einstaklingar greitt sínar skuldir og endar það oft en ekki með því að þeir þurfa að afplána vararefsingu í fangelsi, sem aldrei er til þess að ná bata heldur skemma frekar fyrir. Það verður því vart séð hvaða varnaðaráhrif eru af refsingum vegna neysluskammta. Því miður auka þær líkur á frekari neyslu. Vímuefnavandinn verður ekki kveðinn niður með refsingum. Refsing eykur eingöngu á þann vanda sem er fyrir og í raun má allt eins segja að refsing við neysluskömmtum ýti undir frekari neyslu vímuefna. Auk þess sem gríðarlegur kostnaður fylgir fyrir lögreglu, ákærvald, dómstóla og fangelsiskerfið.

Afstaða telur jafnframt að tryggja þurfi að ekki sé heimild til þess að fjarlægja eða gera upptæka neysluskammta og þá um leið tryggja að lögregla þurfi hvorki að leita á eða handtaka fólk nema að baki liggi raunverulega rökstuddur grunur um að magn vímuefna sé ætlað til sölu en ekki neyslu. Tryggja þarf að lögregla hafi ekki heimild til að gera upptæka neysluskammta af fólki enda skiptir það öllu máli fyrir fólk með vímuefnavanda.

Félagið telur afar mikilvægt að skýrt sé að kaup á neysluskömmtum skulu ekki vera refsiverð. Þar með minnka líkurnar á því að lögreglan hafi lagalegt svigrúm til að hafa afskipti af notendum. Einnig fagnar félagið að lagabreytingin nái jafnframt til lyfseðilskyldra lyfja.

Afstaða fagnar að ráðherra muni skipa samráðhóp um málefnið með fulltrúum notenda en um leið bendum við á að mikilvægt er að fulltrúar í þeim hópnum séu fleiri frá frjálsum félagasamtökum sem koma að málinu og eru í beinum tengslum við sína grasrót og notendur. Þau félög eru ekki mörg en eru þó; Afstaða, Snarróttin, Frú Ragnheiður og Félagsvinir RKÍ. Að því sögðu lýsir félagið sig tilbúið til að aðstoða ráðuneytið eftir fremsta mætti og bíður fram fulltrúa í hópinn enda býr innan Afstöðu mikil reynsla af málaflokknum, einnig reynsla frá öðrum löndum um t.d. hvaða efni eru í umferð hverju sinni, hvað neysluskammtar eru stórir, hvernig þeim er pakkað (á t.d. Spáni verður neysluskammtur að vera í einum poka en ekki mörgum). Þá hefur félagið ítrekað skrifað greinar og varað við yfirvofandi faraldri ákveðinna efna sem ávallt hafa ræst. Félagið mun svara kalli ef ráðuneytið óskar frekari upplýsinga um umsögnina.

F.h. Afstöðu, félags fanga á Íslandi,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

formadur@afstada.is

Reykjavík, 11 maí 2021

Það er einkennilegt hvað margir einstaklingar skrifa nákvæmlega sömu umsögnina sjá t.d umsögnina frá Guðbjörn Jónssyni og Gunnhildíi raun þau eru að senda það sama og iogt gerði, kallað astroturfing á ensku.

Ástæðan af hverju fíklar senda ekki umsagnir eru nokkrar r. Það fylgir gífurleg þjóðfélagsleg skömm yfir því að vera fíkill, fíklar eru mjög hræddir við yfirvöld og stór partur þeirra eru of veikir til þess að vita af þessu frumvarpi.

Þetta frumvarp ef það kemst í gegn mun auka traust og minnka hræðslu fíkla við yfirvöld fíklar þurfa hjálp ekki refsingar ekki sektir.

Það eru dæmi sem ég veit af þar sem fíkill gat ekki borgað leigu út af fíkniefni sekt fyrir 2-3 gram amfetamíni, sekt fyrir gram af amfetamíni er upp á 100 þúsund og í þessu tilviki endaði hann á götunni því hann átti ekki fyrir leigu eftir að borga sektina fyrir neysluskammti

Alexander Kristófer Gústafsson

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirritaður mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirritaður skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portúgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,
Alexander Jón Baldursson

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). Þingskjal 1193 – 714. mál (151. löggjafing)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál. Samtökin sendu umsögn um málið er það var í samráðsgátt stjórnvalda og er nú send umsögn sem er samhljóða þeirri fyrir því enn eiga sömu sjónarmið við að mati Barnaheilla.

Að mati Barnaheilla er það heillaskref ef lögum verður breytt á þann veg að einstaklingum verði ekki gerð refsing fyrir það að hafa í fórum sínum vímuefni í neysluskömmtum. Samtökin taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umfjöllun ráðuneytisins um fyrirhugaðar lagabreytingar að mikilvægara er að styðja þá sem ánetjast hafa vímuefnum til bata fremur en að beita hörku og refsingum gagnvart því ástandi. Barnaheill benda þó á nýjar hugmyndir um sjónarmið gagnvart vímuefnaneytendum sem hverfa frá notkun sjúklingahugtaksins. Líta þarf á þá sem nota og hafa ánetjast vímuefnum, sem fólk með ákveðinn vanda vegna veikleika sem þróast hafa sem afleiðingar annarra þátta. Mikilvægt er að skoða vandann í samhengi; vímuefnavandann og ofbeldi og áföll í æsku, fremur en að líta á fólk sem sjúklinga og hvað þá afbrotamenn. Fíknihvöt er næstum alltaf viðbragð við tilfinningaálagi (Felitti, 1998. Sjá grein Rótarinnar um viðfangsefnið: <https://www.rotin.is/haettuleg-taugaliffraedithrahyggja/>). Barnaheill líta engu að síður svo á að um mikilvægar fyrirhugaðar breytingar sé að ræða sem leiða til aukinnar mannúðar og virðingar gagnvart einstaklingum sem njóta mannréttinda en hvetja til þess að umfjöllun um umrædda orðanotkun verði bætt við greinargerðina með frumvarpinu.

Barnaheill telja mikilvægt að koma fram við börn sem ánetjast hafa vímuefnum sem börn sem þurfa á stuðningi og virðingu að halda, sem börn sem að öllum líkindum þurfa að vinna úr áföllum sínum til að sigrast á vandanum, rétt eins og hinir fullorðnu. Þeim ber ekki að gera refsingu við því að hafa í fórum sínum neysluskammta vímuefna fremur en fullorðnum. Fjalla mætti um það í greinargerð hvort börn hér á landi séu almennt sótt til saka fyrir að hafa með höndum neysluskammta og hvort um sé að ræða stefnubreytingu hvað varðar börn og vörslu þeirra á neysluskömmtum. Barnaheill skilja það sem svo að börnum verði skv. frumvarpinu ekki gerð refsing fyrir vörslu á neysluskömmtum vímuefna. En skýrt er skv. frumvarpinu að áfram verði heimilt að gera vímuefni sem þau hafa með höndum upptæk. Barnaheill efast um að sú framkvæmd sé til heilla en taka undir sjónarmið sem fram koma í greinargerðinni um skyldur ríkja gagnvart börnum sem fram koma í 33. gr. Barnasáttmálans. Hins vegar þarf að líta til annarra sjónarmiða Barnasáttmálans, um rétt barns til að tjá sig um mál sem þau varða og að taka skuli tillit til skoðana þeirra eftir því sem aldur og þroski gefur tilefni til, um rétt barns til friðhelgi einkalífs, rétt til heilsuverndar og svo framvegis.

Börn sem hafa ánetjast vímuefnum eiga í vanda sem þarf að veita þeim stuðning við að rata út úr svo þeim gefist kostur á að ná heilsu. Við þann stuðning þarf að huga að mannréttindum þeirra á heildstæðan hátt, m.a. að meta áhrif ákvarðana á líf þeirra og líðan og hlusta vel á sjónarmið þeirra og vilja. Þau eiga rétt á að láta skoðun sína í ljós og það er mikilvægt að vinna málin í góðu samráði við einstaklingana sjálfa, þ.e. börnin og hlusta vel á hverjar þarfir þeirra eru.

Öll börn eiga rétt á bestu mögulegu heilsuvernd og vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Mikilvægt er að muna alltaf að barn er einstaklingur með sín eigin sjálfstæðu mannréttindi, jafnvel þó það hafi ánetjast vímuefnum. Oft er um að ræða börn sem fyrir eiga við erfið andleg veikindi að stríða eða búa við og með einhvers konar andlega erfiðleika. Það er afskaplega mikilvægt að hlúa áfram að börnum af virðingu þó þau velji að prófa vímuefni. Slík sjónarmið þurfa að mati Barnaheilla alltaf að liggja til grundvallar í þjónustu við börn í vanda.

Barnaheill telja hér um mannúðlegt skref að ræða sem taka skal en árétta að mikilvægt er að koma fram af virðingu við börn og mismuna þeim ekki á ómálefnalegan hátt.

Samtökin þakka fyrir skýringu þá sem fram kemur í frumvarpinu að hér sé ekki stigið skref í átt að lögleiðingu vímuefna heldur er einungis verið að afnema refsingar vegna vörslu vímuefna í neysluskömmtum. Það telja Barnaheill gott að liggja fyrir.

Áfram sem fyrr þarf að leggja mikla áherslu á forvarnafræðslu og að notast áfram við áherslur á að styrkja jákvæða þætti í lífi barna og að aðstoða börn og fjölskyldur þeirra við að vinna bug á neikvæðum þáttum. Í greinargerðina vantar umfjöllun um almenn áhrif á börn og ungmenni ef frumvarpið verður að lögum, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Allar ákvarðanir sem varða börn skal taka með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi og því er mikilvægt að fram komi umfjöllun um hvernig mat á því hafi farið fram og um val á ákvörðun. Hætt er við því að umræða um vímuefni muni breytast og viðhorf til þeirra almennt verða jákvæðari ef ekki verður lengur ólöglegt að hafa neysluskammta vímuefna með höndum. Slík viðhorf geta svo að mati Barnaheilla leitt til þess að fleiri börn og ungmenni prófi frekar vímuefni en ella.

Barnaheill leggja mikla áherslu á vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu og á rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða. Samtökin hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Kópavogur 28. apríl 2021

Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta) lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021 mál 714 ^[1]

IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi og bendir á að samþykkt þess muni leiða til aukinnar neyslu vímuefna í landinu. Það mun auka vanda sem neysla vímuefna veldur en vímuefni eru skaðleg. ^[2] Frumvarpið er illa unnið og vanbúið. Það að keyra í gegn grundvallarbreytingu, kúvendingu á forvarnastefnu Íslands, í gegnum þingið með lítilli umræðu og helst engri umræðu út í þjóðfélaginu. Norðmenn gerðu mikil mistök þegar þingið þar í landi samþykkti án þess að ræða fyrst um kosti og galla afglæpavæðingar að skipa nefnd sem ætti að afglæpavæða. Sú nefnd skilaði af sér 400 blaðsíðna skýrslu. Sem betur fer hefur Verkmannaflokkurinn náð að stoppa þessi mistök. Hér á landi hefur engin raunveruleg umræða átt sér stað og illa skrifað og illa undirbúið frumvarp byggt á veikum rökum á að verða að lögum.

Dr. João Goulão höfundur Portúgölsku leiðarinnar sagði „Afglæpavæðing er ekki silfurskot,“ sagði hann. „Ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað, munu hlutirnir versna.“
“Decriminalization is not a silver bullet,” he said. “If you decriminalize and do nothing else, things will get worse.” ^[3]

Það vantar heildarstefnu í forvörnum. Hún rann út á síðasta ári og þá hefði átt að vera búið ræða hana og móta og síðan fastsetja á síðasta ári fyrir næstu 10 ár til ársins 2030. (Sem er sama ár og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna miða við). Hverjum hentar það að ekki er komin út ný heildarstefna? IOGT á Íslandi hefur kallað eftir að ný heildarstefna í forvörnum verði mótuð þar sem allir þættir eru metnir. Sérstaklega, að verði tekið upp „**Lýðheilsumat**“ líkt og gert er umhverfismat og raunverulega metið allt það tjón sem fíkniefnaneysla veldur þjóðfélaginu. Sem dæmi um Lýðheilsumat á heimsvísu er Global status report on alcohol and health sem WHO gefur út og bæklingur Movendi International um Áfengi og Heimsmarkmiðin þar sem fram kemur að áfengi hindrar 14 af Heimsmarkmiðunum 17. Önnur fíkniefni hindra Heimsmarkmiðin líka. Ætlar Alþingi sem samþykkt hefur Heimsmarkmiðin að vinna gegn þeim með því að lögleiða neysluskammta? Að reyna að keyra í gegn breytingar á virkum forvörnum, svo sem lögleiðingu neysluskammta áður en heildarstefnan er sett er mjög einkennilegt. Minnir á bútasaum þar sem klippt eru göt í forvarnarvarnarteppið. Líkist því sem þau sem vilja „frelsa“ áfengi eru gera núna. Þau gáfust upp á að koma frumvarpi með allsherjar breytingum í gegnum þingið og reyna núna að koma einni breytingu í gegn í einu. Að leyfa sölu beint fram frá framleiðslustað mun rústa ÁTVR.

Yfir 500 mismunandi vímuefni verða **lögleg**, með **þessu frumvarpi**. Með lögleiðingu þessarra efna sendir Alþingi mjög skýr og sterk skilaboð að þessi efni séu ekki eins hættuleg og við töldum. Lögleiðing normaliserar og veitir ákveðið samþykki fyrir notkun sem leiðir til aukinnar notkunar. Dæmi um efni sem verða lögleg: Carfentanyl – 10 þúsund sterkara en morfín. Fjögur grömm nægja til drepa 200 þúsund manns. Neysluskammtar af

nauðgunarlyfjunum, GHB og Rohypnol - það verður löglegt að valsa með þau inn á skemmtistaði að vild.

Hugtakið „afglæpavæðing“ (decriminalisation) þýðir í raun að lækka refsingar á afbroti sem getur þýtt allt frá minni/öðruvísi refsing niður í enga refsingu. Hugtakið þýðir ekki eingöngu að gera glæp refsilausan eða löglegan. Fylgjendum lögleiðingar vímuefni hentar mjög að tala um afglæpavæðingu en ekki lögleiðingu. Áformin sem eru reifuð er lögleiðing – leyfilegt að vera með ákveðið magn af fíkniefnum og engin viðurlög. Lögreglan má ekki gera efnin upptæk. Að kalla þetta afglæpavæðingu getur verið tæknilega rétt en rétta orðið er **lögleiðing neysluskammta**.

Það er risastökk milli þess að minnka refsingar fyrir neysluskammt og það að lögleiða þá. Alþingi samþykkti nýlega bann við kvikasilfri, t.d. í hitamælum, og sendi þannig skýr skilaboð um að kvikasilfur er enn þá hættulegra en við hældum. Ef Alþingi afturkallaði nú bannið þá sendir það skilaboð um að kvikasilfur sé minna hættulegt en við hældum. Þannig að þeir sem vilja lögleiða þessi vímuefni hljóta að telja þau minna hættuleg en talið hefur verið. En samt er eitt af rökum þeirra að það verði að lögleiða af því sum þessara vímuefna valdi dauðsföllum vegna of stórra skammta og að þeim muni fækka ef efnin verði lögleg. Mjög er einblínt á dauðsföll vegna of stórra skammta en önnur dauðsföll tengd efnunum og annars konar skaði virðist skipta litlu máli. Staðreyndin er sú að löglegu vímuefnin valda flestum dauðsföllum. Árlega deyja um 55 milljón manns, þar af 8 milljónir tengdum tóbaki og um 3 milljónir tengt áfengi. Í heild er skaðinn af áfengi mun hærri en af tóbaki. Síðan koma lögleg verkjalyf eins og fentanyl og oxykódon, sem eru lögleg en misnotuð. Þessi mikli skaði af tóbaki, áfengis og verkjalyfja er vegna fjöldans sem notar efnin. Um 1980 reyktu um 50 % fullorðinna á Íslandi tóbak en í dag 7,6 %. Rétt um 40 % fullorðinna í heiminum neyta áfengis. Um 270 milljónir fullorðinna (15-64 ára) eða 5,5 % höfðu neytt annarra fíkniefna árið 2016. Af þeim voru 35 milljónir með vímuefnaröskun, eða 0,7 %. **Er besta leiðin til að hjálpa þessum 35 milljónum að gefa fíkniefnaíðnaðinum opið skotleyfi á 8 milljarða jarðarbúa?**

Þegar við finnum skaðleg eiturefni í umhverfinu þá reynum við fjarlægjum þau úr umhverfinu, takmarka aðgang og notkun. Bann við notkun þeirra auðveldar öllum ákvarðanatöku. Líka foreldrum og unglingum.

Lögleiðing normaliserar og veitir ákveðið samþykki fyrir notkun. Í ríkjum í USA sem leyft hafa kannabis í lækningaskyni, t.d. fyrir ömmu á líknarbeiðinu, þá hefur neysla barna og unglunga aukist. Og líka hefur hún aukist þar sem neysla kannabis hefur verið leyfð. Ekki má gleyma að fyrir suma er lögleiðing vörslu neysluskammta aðeins byrjunin. Þau vilja ekki aðeins leyfa vörslu, heldur líka kaup og sölu og framleiðslu. Þeir sem vilja ganga lengst vilja gefa fíkniefnaneytendum sem nota mikið, lyfseðla fyrir efnunum þar til neytandinn ákveður sjálfur að reyna að hætta. **Spurning:** Myndu lyfseðlar líka vera gefnir fyrir tóbak og áfengi til að mismuna ekki neytendum? Verður farið alla leið þangað á endanum? Hvar verður stoppað? Hverjir græða mest á að lögleiða neysluskammta? Ekki fólkið með alvarlega vímuefnaröskun. Ekki þeir sem ætla sér að neyta í tómstundum sínum og eiga í hættu að þróa með sér röskun. Nei, þeir sem græða mest er fíkniefnaíðnaðurinn. Einu skrefi nær að leyfa kaup og sölu, sem væri draumastaða fyrir fíkniefnaíðnaðinn. T.d., tóbaksiðnaðurinn er búinn að vinna að því að lögleiða kannabis frá 1970.

Í lögum er listi (alþjóðlegur) yfir þau vímuefni sem eru ólögleg. Er verið að leyfa öll efnin á

listanum?. Yfir 500 efni Af hverju þarf að leyfa t.d. carfentanyl, GHB? Á að leyfa öll lyfseðilskyld lyf? Nú eru einnig fjöldamörg lyf sem er aðeins leyfilegt að nota inn á sjúkrahúsum til svæfingar og deyfingar og gefin sjúklingum af heilbrigðisstarfsfólki. Á að leyfa þau almenningi? Fíkniefnaíðnaðurinn er stöðugt að þróa ný vímuefni, mörg þeirra mun hættulegri en þau fyrri. Verða þau sjálfkrafa leyfð?

Af hverju leyfa neyslu 18 ára? Hvað með að rannsóknir sýna að það að fresta neyslu á fíkniefnum fram yfir tvítugt minnkar líkurnar á fíkniröskun? Þýðir þetta að áfengiskaupaaldur verði lækkaður niður í 18 ára og þannig skaðinn af áfengi aukinn? Þeir sem eru fylgjandi frumvarpinu tala digurbarkalega um þeir séu að fylgja nýjustu vísindum en horfa fram vísindaniðurstöðum sem hentar þeim ekki. T.d. rannsóknir og alþjóðleg reynsla sýnir að í sambandi við áfengiskaupaaldur að þá eru það helst árgangarnir sem eru einu til tveimur árum yngri sem laumast til að brjóta lögin en ekki yngri árgangar. Það er ef áfengiskaupaldurinn er 20 ára þá eru það 18 og 19 ára en ef áfengiskaupaldurinn er 18 ára þá eru að 16 og 17 ára. Þannig að með að setja neyslualdur vímuefna 18 ára þá eruð þið að setja aukinn þrýsting til neyslu hjá 16 og 17 börnum. Þannig brjótið þið gegn Barnasáttmálanum.

Það er einnig kristalklárt að ef þetta frumvarp er samþykkt og neyslualdur er 18 ára þá mun áfengisiðnaðurinn krefjast þess áfengiskaupaaldurinn verði lækkaður niður í 18 ára til samræmis. Þannig munu fleiri 16 og 17 ára prufa áfengi og skaðinn af áfengisneyslu aukast og fleiri þjást af áfengisröskun. Er Alþingi tilbúið að fórna ungmennum þessa lands?

Að börn eigi einnig að vernda fyrir eigin fíkniefnaneyslu er einnig mikilvægt miðað við börn og ungmenni eru viðkvæmari, þar sem heilinn hefur ekki þróast að fullu fyrr en 25 ára. Þetta þýðir að lyfjanotkun getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þroska barnsins bæði til skemmri og lengri tíma. Árið 2012 kom út bók sem olli straumhvörfum í mannréttindum og alþjóðlegri vímuefnastefnu. Höfundarnir Roxana Stere og Stephan Dahlgren rannsökuðu þar afstöðu alþjóðlegra mannréttinda gagnvart vernd barna fyrir vímuefnanotkun, framleiðslu og mansal eins og sett er fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaðan er sú að þjóðir heims verða að setja sér vímuefnastefnu sem ýtir undir vímulaust samfélag til að skapa öryggi barna samanber Barnasáttmálann. ^[4] Í bókinni kemur líka fram að nútíma vímuefnaneyslu faraldurinn hófst á heimsvísu fyrir alvöru á sjöunda áratugnum. Síðan þá hefur almenningur, sérstaklega börn og ungmenni verið berskjölduð fyrir sífellt stækkandi lista af sterkum vímuefnum.

Narkotiska Politiskt center NCP í Svíþjóð tók saman skýrslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og rétt barna í Svíþjóð með tilliti til vímuefnamála. ^[5] 33. gr. sáttmálans segir: „*Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félagsmála og menntamála, til verndar börnum gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og skynvilluefna svo sem þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem um þau fjalla, og til að koma í veg fyrir að börn séu notuð við ólöglega framleiðslu slíkra efna og verslun með þau.*“

Fókusinn er á barninu. Einnig er leiðarljós samningsins um réttindi barnsins; að ávallt verði tekið tillit til hagsmuna barnsins og að hvert barn eigi rétt á lífi, lifun og þroska. Þrátt fyrir þetta skortir oft skýrt sjónarhorn barnaréttinda í vímuefnaumræðunni.

Svíar hafa samþykkt ítarlegri skýringar (Barnkonventionsutredningen) sem taka enn fastar á grein 33. ^{[6] [7] [8]}

Hverjir græða mest á að lögleiða neysluskammta? Ekki fólkið með alvarlega vímuefnaröskun. Það eru tveir hópar sem hagnast mest á þessu frumvarpi. Það er fólkið sem

vill neyta fíkniefna í afþreyingarskyni (og heldur að það geti alveg forðast fíkniröskun) og síðan er það hópurinn sem græðir langmest – **fíkniefnaiðnaðurinn, fíkniefnaframleiðendur og fíkniefnasalar**.

T.d., tóbaksiðnaðurinn er búinn að vinna að því að lögleiða kannabis frá 1970. Næsta skref hjá fíkniefnaiðnaðinum á eftir þessu frumvarpi er að lögleiða sölu og framleiðslu. Ef framleiðsla og sala er ólögleg þá eru þeir sem framleiða og selja glæpamenn og eitt af markmiðum þeirra sem styða frumvarpið er að fækka glæpamönnum. Síðasta skrefið væri svo lyfseðlar fyrir efnunum borgaðir af Ríkinu. Fullkominn kapitalismi.

Það er mjög skrítið að sjá sama fólkið og berst gegn mansali og þrælahaldi á Íslandi og um allan heim styðja frumvarp sem hjálpar mest fíkniefnaframleiðendum – þrælahöldurum - sem eru öfgafyllsta tegund af græðgiskapitalisma.

Því hvað er meira arðrán en að selja vöru sem hlekkjar neytendur hennar í þrælakistu og rænir þá fé, heilsu og lífi?



„Hugmyndafræði skaðaminnkunar vísar til stefnu, verkefna og verklags sem miðar fyrst og fremst að því að draga úr neikvæðum heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum, notkunar löglegra og ólöglegra vímuefna, án þess að meginmarkmiðið sé að draga úr vímuefnanotkun.“

Án þess að meginmarkmiðið sé að draga úr vímuefnanotkun. Hvernig hefði þessi hugmyndafræði dugað gegn tóbaksreykingum árið 1980 þegar helmingur fullorðinna á Íslandi reykti?

Þessi hugmyndafræði vinnur gegn lýðheilsustefnu okkar. Því fleiri sem neyta vímuefna því meiri skaði. Það má halda því fram að þessi hugmyndafræði að draga ekki úr vímuefnanotkun sé klæðskerasniðin fyrir fíkniefnaiðnaðinn. Hér sér Ríkið og sjálfbóðaliðar um að halda neytendunum sem lengst á lífi og fíkniefnaiðnaðurinn græðir og græðir á fíkniprælum sínum. **Einkavæða gróðann, ríkisvæða tapið.**

Það má benda á það að eins og meðferðarúrræði eru svelt í dag og langir biðlistar hjá SÁÁ og fleirum, þá hentar það áfengisiðnaðinum mjög vel.

Það að leyfa neyslurými fyrir ákveðin fíkniefni í æð þýðir ekki að það þurfa lögleiða neysluskammta fíkniefna alls staðar. Talandi um fíkn þá eru sumir haldnir ákafri bíla- og hraðafíkn og eru opin neyslurými fyrir þá, kvartmílubrautir og rallíkrossbrautir. Það þurfti ekki að afnema hámarkshraða allsstaðar til að þetta fólk með hraðaröskun gæti stundað skammlaust hraðakstur.

Lögleiðing bjórs. Bjórinn var leyfður með lögum árið 1989, ári eftir að Alþjóðakrabbmeinsstofnunin hafði lýst því að áfengi væri „fyrsta flokks“ krabbameinsvaldur. Vissulega hefur breyst hvernig áfengis er neytt. Menn sitja nú meira að sumbli, sitja lengur og oftast og fleiri. Áfengisneysla hefur næstum því tvöfaldast við það að bjórinn var leyfður. Skorpulífur sem varla sást verður sífellt algengari. Vogur og önnur meðferðarúrræði eru yfirfull og langir biðlistar. Áfengi veldur ekki bara áfengisröskun heldurlíka yfir 200 sjúkdóma- og slysaflökum. Hvað með annan skaða sem þessi fíkniefni sem á að lögleiða valda? Skoðum þá lista. T.d. mikil kannabisneysla -geðrof, varanleg lækkun á greindarvísitölu, skemmdir á DNA. Við vitum að áfengisneysla getur valdið fósturskaða. Hvað með neyslu kannabis á meðgöngu? Svarið er já.

Í dag er viðvarandi skortur á meðferð og úrræðum og stjórnvöld láta forvarnir sitja á hakanum. Sérstaklega þær forvarnir sem hvetja fólk til að sleppa alveg fíkniefnum. Falleg loforð gefin en lítið staðið við þau. Frekar skorið niður en hitt. Það vantar heildarstefnu til lengri tíma með miklu meira fjármagni. Þau sem aðhyllast skaðaminnkun talað mikið um um afgangspavæðingu í Portúgal árið 2001 og vísað til þess að allt gangi vel þar og tala um Portúgölsku leiðina. Í skjalinu Áform um lagasetningu - afgangspavæðing neysluskammta^[9] stendur „í þeim breytingum sem urðu í Portúgal árið 2001 en það ár tóku gildi lagabreytingar þar í landi sem aflögðu refsingar vegna vörslu neysluskammta ólöglegra vímuefna.“ Hér stendur skýrt sem aflögðu refsingar. Þetta er einfaldlega **rangt!**

Skaðminnkunarfylgjendur virðast ávallt tala um Portúgal eins og þar hafi verið lögleiddir neysluskammtar. Annað hvort hafa þeim verið sagt þetta og trúað þessu og aldrei tékkað hvort að þetta væri rétt eða þeir kjósa að halla réttu máli. Ef þeir vita ekki hið rétta skýrir það af hverju þeir hrósa Portúgal í hástert en vilja ekki gera eins og þar heldur **ganga miklu lengra og lögleiða fíkniefni**.

Hið rétta er að í Portúgal er *neysla* og *varsla* fíkniefna **bönnuð** en þeir sem eru teknir með 10 daga skammta eða minna fá væga meðferð – *lögreglan tekur efnin af þeim* og sendir neytandann fyrir nefnd sem á að hjálpa neytandanum við ákveða að fara í meðferð og getur nefndin beitt hann ýmsum viðurlögum (vægum refsingum).

Verra er að þessi fullyrðing um aflagðar refsingar í Portúgal er sett fram í minnisblaði Heilbrigðisráðuneytisins til undirbúnings lagafrumvarpi. Lélegur undirbúningur, sérstaklega í ljósi þess að nákvæm lýsing á lögunum er í Umsögn IOGT á Íslandi um „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (varsla).150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 23 — 23. Mál. Lagt fram 7. Nóvember 2019 eða rétt rúmu ári síðan og liggur fyrir inn á vef Alþingis.^[10] Við bendum háttvirtum Alþingismönnum vinsamlegast á að lesa umsögnina og nýjustu skýrslu frá NPC um lærdóm frá USA, Kanada og Uruguay.^[11]

Staðreyndin er sú að refsilækkun í Portúgal var aðeins ein af þrjátíu aðgerðum, þar á meðal að tvöfalda fé í meðferðarúrræði. Mikið hefur verið rætt um að dánartíðni vegna eituryfa hafi minnkað mikið í Portúgal við afgangspavæðingu en staðreyndin er sú hún hafði þegar minnkað um 20% áður en lögin tóku gildi. Dánartíðnin hélt áfram minnka til 2008 en í heimshruninu þá dregið mikið úr fjárframlögum til meðferðar í Portúgal og nú er dánartíðnin orðin jafnhá og 2001. Sjá: Decriminalisation of Drugs What can we learn from Portugal? ^[12]

Eistland afgangspavæddi árið 2002, ári á eftir Portúgal, en Eistum er ekki hampað af fylgjendum lögleiðingar því Eistland hefur trjónað á toppnum í Evrópu í dánartíðni vegna vímuefna. Það sýnir að það eru aðrir þættir sem ráða miklu um dánartíðnina. Svíþjóð herti refsingar árið 1993 og lögin þar hafa verið óbreytt síðan. Dánartíðnin hefur farið upp og niður í Svíþjóð á þessu tímabili. Nú á allrasíðustu árin hefur dánartíðnin bæði í Svíþjóð og Eistlandi lækkað og er það rakið til öflugra lögregluaðgerða sem upprættu fentanyl-smyglhringi.

Það er mjög einkennilegt að **heimurinn er með 3 mismunandi stefnur í vímuefnamálum:**

Stefnan í tóbaksforvörnum er mjög skýr og einföld: **Hættu að reykja – ekki byrja að reykja**. Um 1980 reyktu um 50% fullorðinna á Íslandi tóbak en í dag 7,6 %. Skýr, einföld stefna. Frábær árangur.

Áfengi – Takmarkaðu neysluna eða slepptu að neyta áfengis. Feilspor á Íslandi – bjór leyfður 1989 – neysla síðan næstum tvöfaldast. En íslenska módelið – algjör viðhorfsbreyting fullorðinna á móti áfengisneyslu unglunga. Núna yfir 50 % framhaldskólanemenda hafa aldrei bragðað áfengi! Þar hjálpar að áfengiskaupaaldur er 20 ára en ekki 18!

Önnur fíkniefni, 500+ efni – við verðum lögleiða þau!

Sum þessarra eru svo lífshættuleg að eina leiðin til að minnka hættuna er að lögleiða þau! Fáir nota þessi efni – en um að gera að leyfa öllum að prufa.

Myndi þessi aðferðafræði virka á aðrar „fíknir“? Hraðafíkn, stelsýki, íkveikjuárattu, ... ?

Ættum við að leyfa ótakmarkaðan hraða alls staðar, leyfa fólki með stelsýki að stela úr búðum, leyfa fólki með íkveikjufíkn að kveikja í húsum, og svo framvegis? Og bíða þangað til að þetta fólk með þessa röskun áttar sig og vill leita sér hjálpar?

Forvarnir – þrjár grunnstoðir

		
Minnka eftirspurn	Minnka framboð	Lágmarka heildarskaðann



Forvarnir byggjast á þrem meginstoðum. **Að minnka eftirspurnina, að minnka framboðið, og að lágmarka skaðann.** Ekki minnka skaðann heldur að lágmarka skaðann bæði fyrir neytandann og þjóðfélagið. Mikilvægast er að minnka eftirspurnina því auðveldar allt hitt og lágmarkar skaðann. Því færri sem byrja því færri fara illa út úr neyslu.

Hér er tillaga að heildrænni forvarnastefnu

Heildarforvarnastefna til næstu 10 ára.

*Stefnan gerð með **lýðheilsumati** og mati á samfélagslegu tjóni og ágóða af aðgerðum og hvernig má lágmarka **heildarskaðann**.*

Stefnan efli ekki fíkniefnaframleiðendur og –sala.

*Stefnan byggð á stoðunum þremur með mestu áhersluna á að **minnka eftirspurn**.*

Bæði með fræðslu og að greina börn og unglingar í „áhættuhópum“ snemma og studd áfram gegnum allt skólakerfið til að koma í veg fyrir að þau leiti í vímuefni.

Meðferðarúrræði verði elfd og stórauðin.

Forvarnastarf fái 10 milljarða á ári næstu 15 árin, mest í sífelliurverkefni.

IOGT á Íslandi lýsir sig fúst til samstarfs við heilbrigðisráðuneytið varðandi mótun heildarstefnu forvarna. Við erum tilbúin að hitta starfsfólk ráðuneytis eða ráðherra til frekari viðræðna um forvarnir og jafnframt aðstoða við gagnaupplýsingar.

Skjótasta og skilvirkasta leiðin til að bæta heiminn er að lifa vímuefnalausum lífsstíl.

Með vinsemd og virðingu, fyrir hönd IOGT á Íslandi
Björn Sævar Einarsson, Formaður IOGT á Íslandi

- [1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/1193.html>
- [2] <https://www.althingi.is/lagas/151a/1974065.html>
- [3] <https://vancouver.sun.com/opinion/columnists/daphne-bramham-decriminalization-is-no-silver-bullet-says-portugals-drug-czar>
- [4] <https://www.wfad.se/images/articles/Protectionfromdrugs2012.pdf>
- [5] http://narkotikapolitisktcenter.se/wp-content/uploads/2020/11/NPC-reder-ut_Barnkonventionen-och-narkotika-1-1.pdf
- [6] <https://www.regeringen.se/4abd8f/contentassets/3c4668adf3534dbc8ac4a7a9daa6416a/barnkonventionen-och-svensk-ratt-sou-202063-volym-1.pdf>
- [7] <https://www.regeringen.se/4abdc2/contentassets/3c4668adf3534dbc8ac4a7a9daa6416a/barnkonventionen-och-svensk-ratt-sou-202063-volym-2.pdf>
- [8] <https://www.regeringen.se/4abd86/contentassets/3c4668adf3534dbc8ac4a7a9daa6416a/barnkonventionen-och-svensk-ratt-sou-202063-volym-3.pdf>
- [9] [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2884](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2884)
- [10] <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-417.pdf>
- [11] file:///C:/Users/Bindindissamt%C3%B6kIOGT/OneDrive%20-%20IOGT/018%20IOGT/NPC_Rapport_Amerika_korr2.pdf
- [12] http://narkotikapolitisktcenter.se/wp-content/uploads/2021/03/NPC_Portugal_Decrim_Enq.pdf

Kópavogur 12. maí 2021



Kæri þingmaður

Nú er umræða um afgangspavæðingu (mál 714) í gangi í velferðarnefnd. Við köllum eftir þínum stuðningi við forvarnir í landinu. Við erum tilbúin að mæta fyrir Velferðarnefnd áður en nefndin skilar álit til Alþingis.

Ný skýrsla var að koma út þar sem gerð er úttekt á reynslu USA, Kanada og Uruguay á breytingu á lögum um vímuefni. Í viðtali við höfund skýrslunnar Staffan Húbinette kemur fram að það er þrennt sem skiptir mestu máli við útgáfu skýrslunnar.

1. Þessi samantekt er framkomin vegna þarfar á upplýsingum um neikvæðar afleiðingar breytinga á löggjöfinni í þessum þremur löndum.
2. Það er ótrúlega margar nýjar upplýsingar um neikvæðar afleiðingar breytinga á forvarnalöggjöfinni sem er að koma í ljós núna í rannsóknum.
3. Það skiptir máli að við veljum traustar upplýsingar þar sem dregið er fram hver raunveruleg niðurstaða er af breytingum löggjafarinnar sem stungið er upp á.

Hér er slóð á skýrslu sem var að koma út hjá NPC Narkotika Politisk Center í Svíþjóð. Endilega skoðið vel áður en afstaða er tekin. http://narkotikapolitisktcenter.se/wp-content/uploads/2021/05/NPC_Rapport_Legalisering_FINAL.pdf

Björn Sævar Einarsson Formaður IOGT á Íslandi

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,

XXXXXXXXXX

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2021
2104135/0.4.1

Efni: Umsögn um mál nr. 714 um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Embætti landlæknis ítrekar fyrri afstöðu um og styður þá nálgun að nálgast málefni þeirra sem eiga í vanda vegna notkunar eða misnotkunar vímuefna fyrst og fremst sem heilbrigðisvanda. Um leið vill embættið undirstrika að allar breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og víðtækt samráð, þar á meðal við félagsmálayfirvöld. Þá ítrekar embættið að erfitt geti verið að einblína á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað á heildrænan hátt um mat á áhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Brýnt er að huga vel að áhrifum breytinga sem þessarar svo hægt sé að meta ávinning. Einnig ber að hafa í huga að ekki er hægt að fella alla sem nota eða misnota vímuefni undir eina skilgreiningu og að tillaga sem þessi, þó hún sé talin afmörkuð í frumvarpinu, muni hafa áhrif á aðra einstaklinga og hópa en tilgreindir eru í frumvarpinu. Taka verður tillit til þess í allri stefnumótun.

Embættið bendir á að hvergi kemur skírt fram í frumvarpinu tillaga eða áætlun um auknar forvarnir. Nefna má, að í Portúgal var gerð langtímaáætlun og ákveðið að fjármagn til málaflokksins skyldi tvöfaldað yfir fimm ára tímabil. Samhliða afglæpavæðingunni voru metnaðarfullar fjárfestingar gerðar í heilbrigðisþjónustu og sett fram umfangsmikil heildræn stefna. Yfirmaður portúgólsku ávana- og vímuefnavarnaskrifstofunnar (SICAD) sem fer með málaflokkinn í Portúgal, João Goulão, segir sjálfur að það sem hafi skipt sköpum hafi ekki verið afglæpavæðing ein og sér: „Afglæpavæðing er ekki kraftaverk. Ef þú gerir aðeins það, þá versnar ástandið¹“. Það er ljóst að þeir sem bera ábyrgð á umbótunum sjá ekki að afglæpavæðing ein og sér hafi skilað tilætluðum árangri. Þvert á móti, hafa það verið aðrar aðgerðir sem skipt hafa sköpum. Þá er ekki fjallað um hvernig þessi lagabreyting eigi að auka aðgengi þeirra hópa sem eiga í vanda vegna notkunar vímuefna að heilbrigðisþjónustu heldur einungis nefnt að þörf sé á slíku.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 33. grein, sem einnig er í gildi á Íslandi segir m.a. í 33.gr:

„Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félagsmála og menntamála, til verndar börnum gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og skynvilluefna svo sem þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem um þau fjalla, og til að koma í veg fyrir að börn séu notuð við ólöglega framleiðslu slíkra efna og vershun með þau.“

[Drug decriminalization is no silver bullet, says Portugal's drug czar | Vancouver Sun](#)

Allar ákvarðanir um breytingar á löggjöf um ávana- og fíkniefni þarf því að skoða út frá þessum sáttmála og lögum. Breyting á löggjöf sem hætt er við að leiði til aukinnar notkunar og aukinnar útsetningar barna fyrir vímuefnum getur ekki talist samrýmanleg Barnasáttmálanum.

Í ljósi þess hversu viðtæk áhrif þessi lagabreyting kann að hafa, m.a. á stöðu barna og ungmenna, er nauðsynlegt að gert sé mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins til að áætla heildaráhrif þess á ríki og sveitarfélög að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings til lengri tíma.

Það er því mat embættisins að varhugavert sé að stíga þetta skref án þess að móta heildarstefnu í þessum málaflokki og sem tekur tillit til allra þátta; því styður embættið ekki frumvarpið í núverandi mynd.

Embættið leggur til að breytingar eins og þær sem koma fram í frumvarpinu verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuefnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu. Þá leggur embættið til að skipaður verði hópur sérfræðinga sem fer á heildrænan hátt yfir málaflokkinn og skili af sér tillögum um aðgerðir eða heildrænni stefnu þar sem fram kemur ítarleg aðgerðaáætlun sem tekur til allra þátta vímuefnavandans, allt frá forvörnum til meðferðar og samfélagslegrar aðlögunar.

Helstu áherslupunktur sem embætti landlæknis telur þurfa að taka til skoðunar eru:

- Mikilvægi heildrænnar stefnumótunar
- Mikilvægi samráðs við önnur yfirvöld s.s. félagsmálayfirvöld og sveitarfélög
- Möguleg áhrif á viðhorf til notkunar ef af afglæpavæðingu verður
- Gæta þarf sérstaklega að hagsmunum barna og ungmenna
- Hverjar eru mótvægisáðgerðir vegna ótilætlaðra áhrifa?
- Af hverju eru efni ekki gerð upptæk?
- Hver er ávinningurinn með þessari breytingu?

Umsögnin er unnin í samvinnu við fagráð landlæknis í áfengis- og vímuefnum.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera heilbrigðisráðuneyti til ráðgjafar um þessi áform.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Rafn Magnús Jónsson
verkefnisstjóri
svið lýðheilsu

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Umsögn Fræðslu og forvarna (FRÆ) um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta), mál nr. 714, lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

Fræðsla og forvarnir leggst gegn samþykkt frumvarpsins.

Í ljósi þess að heilsufarslegur og samfélagslegur vandi vegna ávana- og vímuefnaneyslu er umtalsverður er afar brýnt að vandað sé til verka við allar breytingar sem gerðar eru í málaflokknum. Það á sannarlega við um þetta frumvarp sem felur í sér miklar breytingar frá núverandi löggjöf og fyrirkomulagi. Það felur vitaskuld ekki í sér að engu megi breyta. En það verður að vera ljóst að markmiðin með breytingunum séu skýr og að ætla megi að þær nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Það verður einnig að liggja fyrir að hugsanleg önnur áhrif breytinganna valdi ekki skaða, sem jafnvel er meiri og verri en sá sem þeim er ætlað að leysa. Það er hlutverk stjórnvalda að standa vörð um heilsu og líðan íbúanna í samfélaginu við stefnumótun og stjórnsýsluákvæðanir og byggja þær á traustri þekkingu.

Það er grundvallaratriði að aðgerðir stjórnvalda í jafn viðkvæmum málaflokki og ávana- og vímuefnamálum byggi á heildarsýn, vönduðum undirbúningi og viðtæku samráði. FRÆ kallar enn á ný eftir því að gert verði lýðheilsumat á breytingum í málaflokkum sem varða heilsu og velferð þjóðarinnar. Það á sannarlega við um þetta frumvarp þar sem, því miður, hvergi er svo mikið sem ýjað að þeim möguleika að jafn viðtæk markaðsvæðing ávana- og vímuefna sem frumvarpið felur í sér kunni að leiða til aukinnar útbreiðslu þeirra og neyslu – og þar með vanda sem henni fylgir. Engu orði er heldur vikið að, eða gert ráð fyrir, mótvægisáðgerðum í formi forvarna eða viðbrögðum við aukinni neyslu verði það raunin.

Það er mikilvægt að mæta þörfum þeirra sem eiga í ávana- og vímuefnavanda, ekki síst með aðgengilegum meðferðar- og búsetuúrræðum og stuðningi til betri heilsu og lífsgæða. Ýmis meðferðarúrræði standa þeim sem eiga í ávana- og vímuefnavanda til boða. Þar má (og þarf) hins vegar að gera mun betur. Það þarf að vera algerlega skýrt hvernig sú markaðsvæðing ávana- og vímuefna sem frumvarpið gengur út á kemur þessum viðkvæma hópi til góða eins og virðist vera markmiðið samkvæmt greinargerðinni með frumvarpinu.

Áfangi að lögleyfingu?

Það er mikilvægt að fram komi í umfjöllun Velferðarnefndar og þingsins hvort afglæpavæðingin sem boðuð er í frumvarpinu sé undanfari endanlegrar lögleyfingar ávana- og vímuefna. Svokölluð afglæpavæðing hefur í flestum tilfellum verið áfangi á þeirri leið hjá þeim löndum og ríkjum USA sem hafa lögleyft fíkniefni. Þetta þarf að liggja skýrt fyrir. Verður næsta skrefið mögulega það að heimila þurfi innflutning og sölu ávana- og vímuefna þar sem það sé ótækt að heimilt sé að kaupa þau og eiga en ekki flytja inn, framleiða og selja? (*Legalisering och kommersialisering av cannabis. Lärdomar från USA, Kanada och Uruguay. Staffan Hübner. Narkotika Politiskt Center 2021*).

Þekking í þágu forvarna

Neysluskammtar í reglugerð?

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið sé um hvaða magn ávana- og fíkniefna geti talist til eigin nota. Svona stóran þátt þarf að ræða samhliða frumvarpinu í heild, enda margar áleitnar spurningar sem vakna. Í fyrsta lagi viðmið neysluskammta, bæði magn og til hve langs tíma. Verður tekið tillit til þess að langt leiddur neytandi þurfi stærri skammt en neytandi sem er að hefja vegferð sína með ávana- og vímuefnum? Verður til dæmis gert ráð fyrir að heimilt verði að hafa á sér tilgreindan neysluskammt til þess að mæta neysluförf 10 daga eða 30 daga? Hvaða forsendur verða lagðar til grundvallar þeirri ákvörðun? Verður tekið tillit til aldurs og kyns (samanber kynbundinn mun á ráðlögðum hámarksdagskammti áfengis) við ákvörðun um stærð neysluskammts? Fíkniefnaíðnaðurinn er stöðugt að þróa ný ávana- og vímuefni, mörg þeirra mögulega mun hættulegri en þau sem nú eru. Verða þau sjálfkrafa leyfð?

Leyfilegt að kaupa það sem hvorki má flytja inn, selja, taka á móti, afhenda eða búa til.

Frumvarpið heimilar vörslu, kaup og móttöku ávana- og vímuefna til einkanota/neysluskammta. Hins vegar er áfram óheimilt að selja og afhenda fíkniefni. Það er því ljóst að sá sem kaupir eða tekur á móti ávana- og vímuefnum hefur aflað þeirra fyrir tilstuðlan ólögmatrar háttsemi - og tekið meðvitaður (væntanlega) þátt í refsiverðum verknaði. Það þarf að skýra hvernig þetta gengur upp.

Aldursmörk.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að einstaklingar 18 ára og eldri megi kaupa og hafa í vörslu sinni magn ávana- og vímuefna sem talist getur ætlað til eigin nota samkvæmt reglugerðinni sem ráðherra er ætlað að setja. Aldursmörk til áfengiskaupa eru 20 ár. Er líklegt að í kjölfarið verði áfengisakaupaldurinn lækkaður til samræmis við það?

Portúgalska leiðin.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til lagabreytingar sem gerð var í Portúgal árið 2001 þar sem varsla neysluskammta allra ávana- og vímuefna var ekki lengur refsiverð samkvæmt hegningarlögum. Draga má þá ályktun að sú leið sem farin var í Portúgal sé góð fyrirmynd. Sú leið sem boðuð er í frumvarpinu er hins vegar í algerri mótsögn við þá leið sem farin var í Portúgal. Þar var markmiðið að ná til neytenda, ekki síst stórneytenda, í því skyni að hvetja/þvinga þá til þess að taka á neyslu sinni. Samhliða því var þjónusta og framboð á meðferð og hliðstæðri aðstoð stóraukin. Sú leið sem frumvarpið leggur til er í þveröfuga átt. Heimilað er stóraukið flæði ávana- og vímuefna um samfélagið og möguleikar til inngripa í skaðlega neyslu þeirra verulega skertir, þvert á það sem lagabreytingin í Portúgal 2001 stefndi að.

Opinber stefna íslenskra stjórnvalda að takmarka aðgengi að ávana- og vímuefnum.

Í desember árið 2013 settu íslensk stjórnvöld sér stefnu í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020 sem tekur til forvarna, meðferðarúrreða, eftirfylgni meðferðar og endurhæfingar auk lagaumhverfis. Stefnan endurspeglar alþjóðlegar áherslur og alþjóðlegar skuldbindingar um stefnumótun um málefnið og styðst við gildandi lagaramma er varða áfengi og önnur ávana- og vímuefni. Þótt gildistími þessarar stefnu sé formlega liðinn verður að líta svo á að á meðan ekki komi önnur í staðinn eða hún uppfærð með einhverjum hætti sé hún grundvöllur ákvarðana og aðgerða stjórnvalda. Nú er til meðferðar þingsályktunartillaga (stjórnartillaga) um lýðheilsustefnu til ársins 2030, þingskjal 1108, 645. mál. Þar segir meðal annars: „Stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun.“ Ennfremur: „Við eflingu lýðheilsu þarf því að taka mið af öðrum stefnumálum með markvissa samvinnu og sameiginleg markmið í huga svo samlegðaráhrifin og árangur verði sem mestur. Þessi nálgun samræmist því markmiði stjórnvalda að tekið sé tillit til lýðheilsusjónarmiða í allri áætlanagerð og stefnumótun.“

Þekking í þágu forvarna

FRÆ byggir eftirfarandi athugasemdir sínar varðandi frumvarpið um afgangavæðingu á þeirri stefnu sem fram kemur í ofanefndri stefnu í áfengis- og vímuefnum í þeirri fullvissu að opinber stefna sé ekki einungis orðin tóm, innihaldslaus og án ábyrgðar.

1. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuegðum, enda sé það ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum og vandamálum tengdum neyslu áfengis og annarra vímuegja. Þessu markmiði vilja stjórnvöld ná meðal annars með aðhaldsaðgerðum varðandi sölufyrirkomulag áfengis, virku eftirliti með notkun lyfseðilsskyldra lyfja, öflugri löggæslu og virku tolleftirliti. Þetta er skýr birtingarmynd hamlandi stefnu þegar kemur að áfengis- og vímuefnavörnum.

Til athugunar: Með lagabreytingunni er gengið gegn þessum fyrirætlunum en þess í stað opnað fyrir greiðara flæði ávana- og vímuefna um samfélagið og gengið gegn þeirri meginforsendu sem forvarnir byggjast á, þ.e. að takmarka framboð og aðgengi að ávana- og vímuefnum eins og kostur er. Það verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að seljendur og dreifendur ávana- og vímuefna muni nýta sér það svigrúm og leiðir sem bjóðast til þess að athafna sig verði frumvarpið samþykkt.

2. Annað grundvallarstefnumið stjórnvalda er að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuegja. Ýmsir hópar í samfélaginu eru viðkvæmari en aðrir, til dæmis börn foreldra með áfengis- og vímuefnavanda, konur á meðgöngu og ungmenni. Öll börn og ungmenni eiga rétt á að alast upp í umhverfi þar sem þau eru vernduð gegn neikvæðum afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu.

Til athugunar: Að hvaða leyti mun frumvarpið, ef það verður að lögum, vernda börn foreldra með áfengis- og vímuefnavanda, konur á meðgöngu og ungmenni? Að hvaða leyti mun það stuðla að rétti íslenskra barna og ungmenna að alast upp í umhverfi þar sem þau eru vernduð gegn neikvæðum afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu?

3. Í þriðja lagi er það stefna stjórnvalda að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að nota áfengi eða aðra vímuegja. Gagnreyndar aðgerðir sem falla undir þetta yfirmarkmið eru meðal annars að sporna gegn markaðssetningu á áfengi til ungmenna, eftirlit með að aldurstakmörk til áfengiskaupa séu virt og að efla skólakerfið frekar í hlutverki sínu í velferð barna, til dæmis með þátttöku í heilsuefandi skóla og aukinni þátttöku foreldra og frjálsra félagsamtaka í forvörnum.

Til athugunar: Að hvaða leyti mun frumvarpið, ef það verður að lögum, vinna gegn því að íslensk ungmenni byrji að nota ávana- og vímuefni?

Hafa þarf í huga að varsla, kaup og móttaka ávana- og vímuefna er ekki eingöngu bundin við neytendur efnanna og ekki alltaf skýr mörk milli „neytenda“ og þeirra sem stunda viðskipti með fíkniefni og margir ávana- og vímuefnaneytendur fjármagna neyslu sína með sölu þeirra. Hverjum og einum verður þá heimil sú háttsemi sem frumvarpið opnar á og engin trygging fyrir því að háttsemin hafi ekki að markmiði að dreifa eða selja ávana- og vímuefni.

4. Í fjórða lagi stefna stjórnvöld að því að fækka þeim sem þróa með sér skaðlegt neyslumynstur áfengis eða annarra vímuegja.

Til athugunar: Að hvaða leyti mun frumvarpið, ef það verður að lögum, stuðla að fækkun þeirra sem þróa með sér skaðlegt neyslumynstur ávana- og vímuefna?

Þekking í þágu forvarna

5. Í fimmta lagi er það markmið stjórnvalda að tryggja aðgengi fólks sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávana að samfelldri og samþættri þjónustu sem byggist á bestu þekkingu og kröfum um gæði. Nauðsynlegt er að samfella sé í þjónustu við fólk sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávana. Auk þess er virkt samstarf og skýr hlutverkaskipting þeirra sem veita þjónustu forsenda góðs árangurs. Um leið verði tryggt aðgengi að viðeigandi þjónustu. Þetta stefnumið byggir þannig á skaðaminnkun fyrst og fremst.

Til athugunar: Að hvaða leyti stuðlar frumvarpið, ef það verður að lögum, að samfelli í þjónustu við fólk sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávana.

6. Í sjötta lagi vilja stjórnvöld draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi eða öðrum vímuefnum. Skaðleg neysla áfengis og annarra vímuefna á stóran þátt í ótímabærum dauðsföllum, ofbeldi, slysum, langvinnum sjúkdómum og töpuðum góðum æviárum.

Til athugunar: Að hvaða leyti mun frumvarpið, ef það verður að lögum, draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á ávana- og vímuefnum og ótímabærum dauðsföllum, ofbeldi, slysum, langvinnum sjúkdómum og töpuðum góðum æviárum sem tengd eru við neyslu þessara efna? Það er mikið í húfi, eins og umræða síðustu misseri um vanda og dauðsföll vegna ávana- og vímuefnaneyslu er lýsandi dæmi um. Er öruggt að sú markaðsvæðing ávana- og vímuefna sem frumvarpið felur í sér fjölgi ekki í þessum hópi?

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar FRÆ, Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 1193 — 714. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga um breytingu á
lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).
Frá heilbrigðisráðherra.

Ágæta nefndarfólk!

Þegar ég las fyrirsöguna að því þingmáli sem hér er til umfjöllunar, verður mér ósjálfrátt hugsað til væntinga þeirra sem af mikilli elju beittu sér fyrir sterku lýðveldi á Íslandi. Til slíkra verka voru bundnar vonir við að allir kraftar stjórnámálanna framtíðarinnar yrðu nýttir til og finndu sér **aflsauka í málefnum sem bættu lífskjör landsmanna**. Líkamlegt heilbrigði yrði þar eðlilega efst á blaði. Bæði með stöðugum verkefnum í ráðuneyti heilbrigðismála sem og með því að stuðla að sem virkastri þátttöku yngra fólks í sköpun aukinna verðmæta fyrir samfélagið. Aukin verðmætasköpun skili ungu fólki þeim lífsgæðum á efri árum, þegar afl til lífsgæðakapphlaups minnkar. Þá birtist einnig ein fegursta mynd hugsjóna lýðveldisins, þegar þreytt fólk að loknu ævistarfi, finnur að allt sem það lagði á sig á yngri árum til að efla samfélagið og treysta innviði þess, varð í raun að hluta sem inneign til bættra lífsgæða að lokinni starfsævi.

Frumvarpið sem hér er flutt byggir í raun fyrst og fremst á því sjónarmiði að eyðileggja strax á ungdómsárum sem mest andlegt og líkamlegt heilsufar unga fólksins, sem að 30 – 40 árum liðnum, ætti að vera búið að byggja svo traustar undirstöður undir þáverandi framtíð sína á efri árum, að þau geti litið stolt til baka, þakklát þeim sem vísuðu þeim veginn í reynslulausum ungdómi þeirra.

En nú skal hér slegin skjaldborg stjórnarráðsins yfir mikilvægt mál. Í málinu er um að ræða áður ókynnt nýyrði, óskilgreinda „**afglæpavæðingu**“, sem að því er virðist vera ætlað að lögleiða neyslu unga fólksins á fíkniefnum, svo lengi sem líkamsheilsa þeirra leyfir.

Gallinn í þessu frumvarpi er hins vegar sá að ekki er dregin upp heilstæð mynd af því hvernig neytandinn á að geta, með lögmætum hætti, fengið til sín þau fíkniefni sem lögreglan megi ekki gera upptæk. Um þessi atriði og fleiri, sem af augljósu reynsluleysi eru sett fram í umræddu frumvarpi, ætla ég ekki að fjölyrða frekar í þessum inngangi, heldur leiða fram athugasemdir við þau efnisatriði sem sett eru fram í texta frumvarpsins.

Um Greinargerðina með frumvarpinu kýs ég að hafa sem fæst orð að sinni en hvet nefndarmenn, og þingmenn alla, til að leita vandlega í greinargerð heilbrigðisráðherra, með því þingmáli sem hér er til umfjöllunar, að sjónarmiðum fagfólks á hinum ýmsu heilbrigðissviðum, sem styðja við það mikilvæga þroskaferli og framtíðar uppbyggingu lífsgæða, sem heilbrigðisráðherra leggur hér fyrir Alþingi til afgreiðslu.

En lítum nú á það sem umrætt frumvarp boðar.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um **breytingar á 2. gr. laga um ávana og fíkniefni, nr.**

65/1974. Núverandi 2. gr. hefst á orðunum: „**Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr.**“

„**Fyrsta breyting** samkvæmt 1. gr. a. lið í frumvarpinu er að orðin „**Varsla og**“ falli brott. 2. gr. laganna, eftir breytingu hefst því þannig:

„**Meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr.**“

Í 2. mgr. 2. gr. segir að:

„[Ráðherra] ¹⁾ **er heimilt** að mæla svo fyrir í reglugerð, ²⁾ að [varsla-og] meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.“

Eins og þarna kemur fram, verður **VARSLA fíkniefna** samkvæmt 6. gr. **heimil í landinu**, verði umrædd núverandi upphafsorð og önnur tiltekin ákvæði 2. gr. felld niður. Hins vegar verður áfram fullt bann við **allri „Meðferð ávana- og fíkniefna“**. Ekkert er í þeim breytingum sem þarna eru boðaðar sem útskýrt geta hvaða ástæður eru gefnar fyrir þeirri breytingu sem boðuð er í frumvarpinu að heimila, að því er virðist **alla vörslu ávana og fíkniefna**, en ekki einungis þá „neysluskammta“ sem málið virtist snúast um. **Hvers vegna er allt í einu verið að heimila fólki að hafa í vörslu sinni fíkniefni sem bannað er að flytja til landsins og öll meðferð þeirra er óheimil?** Aðilar mega þó eiga slík efni í vörslu sinni, en mega ekki hafa þau um hönd, sýna þau eða skoða, eða hafa í frammi einhverja meðferð hinna ólöglegu innfluttu efna. Ekki verður séð að brottfalla orðanna: „**á sama hátt**“ undir lok 2. mgr. 2. gr. **breyti neinu um merkingu málsliðarins**.

Í Inngangi Greinargerðar með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram:

„**Frumvarp þetta er samið í heilbrigðisráðuneytinu** og með því er lagt til að ákvæði laga um ávana- og fíkniefni verði breytt á þann hátt að **kaup og varsla** á takmörkuðu magni ávana- og fíkniefna, **svokölluðum neysluskömmum**, verði heimiluð. Þingmannafrumvörp á svipuðum nótum voru lögð fram á 150. löggjafarþingi, þskj. 23, 23. mál, og 151. löggjafarþingi, þskj. 147, 146. mál, **án þess að hljóta afgreiðslu**. Flutningsmaður þeirra var Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata. Frumvarp þetta byggist að hluta til á þeirri vinnu og þeim umsögnum sem bárust um þingmannafrumvörpin.“

Greinilega er þarna ofsagt að frumvarp þetta sé **SAMIÐ** í heilbrigðisráðuneytinu. Frekar er hægt að segja að það sem var illa grundað í fyrr afgreiddu frumvarpi Pírata, hugsanlega vegna reynsluleysis nýliða í löggjafarstarfi, er dálítið hjákátlegt að sjá sem eftiröpun í frumvarpi sem sagt er samið í **heilbrigðisráðuneytinu**. Og í fljótu bragði virðist allt hið **vanhugsaða** vera þarna til staðar enn, eins og framhaldið mun leiða í ljós. Í greinargerð er talað um: **kaup og varsla á takmörkuðu magni ávana- og fíkniefna, svokölluðum neysluskömmum**, verði heimiluð. Þar er um nokkuð snúið mál að ræða sem nánar verður vikið að síðar.

Í c. lið 1. gr. frumvarpsins segir að:

„**4. mgr. orðast svo:**

Innflutningur, útflutningur, sala, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og tilbúningur efna, er greinir í 1. og 2. mgr., er bannaður, með þeirri undantekningu sem um getur í 3. mgr. - Hið sama gildir um kaup og vörslu efna þegar magn þeirra er umfram það sem telst til eigin nota samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur.“

Hér telst nú rétt að vekja athygli á því að einungis seinnihluti 4. mgr. er ný viðbót við það sem fyrir var. Er það viðbótin eftir orðin: „getur í 3. mgr.“. Framhaldið frá því er ný viðbót, sem greinilega er byggð á sömu vanþekkingu og einkenndi frumvarp Pírata. Þarna er beinlínis gefið í skyn að kaup og varsla fíkniefna til eigin nota verði heimil, þó þess sé í engu getið í lagatextanum. Í frumvarpinu er í einu lagi felld niður ALLT bann við vörslu fíkniefna.

Ef ætlunin hafi verið sú að skapa notendum möguleika á því að hafa í sinni vörslu notendaskammta fíkniefna, hefði þurft að byrja á að sjá fyrir sér hvernig lögreglan, strax við skoðun pakkningarinnar, geti þekkt og vitað að um löglega innflutt ávana og fíkniefni sé að ræða. Það er afar mikilvægt til að forðast óþarfa togstreitu um einfalda þætti.

Næst þarf að gera sér grein fyrir því að öll þau ávana og fíkniefni sem flutt eru til landsins eru ólöglega innflutt. Hvernig væri hægt að búa til löglega notendaskammta úr ólöglegum innflutningi? Sá sem leitaði eftir kaupum á litlu magni, til að búa til notendaskammta, yrði að gera seljanda grein fyrir því að til að fá það magn sem hann kaupir, skráð sem innflutning samkvæmt útgefnu innflutningsleyfi frá viðkomandi stjórnvaldi, verði að tilgreina seljanda vörunnar og hvaðan varan hafi verið keypt. Þar með væri seljandinn kominn á skrá hjá lögreglunni. Og þá vita menn nokkurn veginn hvað gerist næst. Ekki væri möguleiki að skapa löglega fengna notendaskammta, með því að kaupa fíkniefnin á hinum ólöglega markaði.

HVERGI er nefnt að KAUP séu heimil á fíkniefnum til eigin nota. Greinilega er þarna reynt að koma inn villandi hugsun hjá fólki og þannig reynt að láta fólk líta á framhaldið út frá þeim væntingum málshefjenda að búa eigi til með Reglugerð, heimildarákvæði fyrir fíkla til að kaupa fíkniefni, þó lagatextinn veiti einungis heimild til að hafa í vörslu sinni það afmarkaða magn fíkniefna, sem skilgreint væri sem „eigin neysla“. En öll þau atriði sem stilla þyrfti saman í slíkum innflutningi eins og: magni, styrkleika pakkningar og tollaflokk, þarf að ramma inn í löggjöf, sem síðan mætti í Reglugerð tilgreina skýrari reglur um það umhverfi sem lögin skapa.

Eðlilega má afsaka óvandaða hugsun og framsetningu lagatexta í fyrra frumvarpinu, þar sem Píratar eru ungt stjórn málafl með ungu og reynslulitlu fólki, hvað varðar lagasetningu. En öðru máli gegnir með heilbrigðisráðuneyti, með sínum lögfræðingum og sérfræðingum á umræddum sviðum.

Í d. lið 1. gr. frumvarpsins er sagt að við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr. svohljóðandi:

„Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvaða magn ávana- og fíkniefna samkvæmt þessari grein, sbr. einnig 3. og 5. gr., getur talist til eigin nota, að höfðu samráði meðal annars við notendur.“

Þarna virðist mér textasmiðir frumvarpsins hafa farið aðeins of hratt yfir. Samkvæmt texta d. liðar 1. gr. frumvarpsins, er ráðherra sagt skylt að setja reglugerð er kveði á um hvaða magn ávana- og fíkniefna skuli geta talist til eigin nota. En á þessu er ein stór hindrun. Ráðherra getur

einungis sett í reglugerð **nánari ákvæði um þær heimildir sem veittar eru með lögum**, samanber umrædda 3. mgr. 2. gr. nr. 65/1974, þar segir svo um heimild ráðherra:

„[Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja frekari skilyrði og takmarkanir á veitingu undanþágna og mæla fyrir um önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.]“

Eins og þarna kemur fram er það Lyfjastofnun sem löggjafinn veitir heimild til að sækja um undanþágu til tiltekins innflutnings í lækningaskyni. Um veitingu slíkra leyfa gilda lögteknar reglur. Eins og fram kemur í texta 3. mgr. 2. gr. laganna um ávana- og fíkniefni, þá gat ráðherra fengið lagaheimild til að setja í reglugerð: **frekari skilyrði og takmarkanir á veitingu undanþágna. Ráðherra getur ekki sett reglugerð um ákvæði sem ekki eru tilgreind í lögum.**

Í þeim breytingum laga um ávana- og fíkniefni sem nú eru til meðferðar hjá þinginu, eru ekki settar fram neinar lagaheimildir um það hvernig skuli skilgreina magn hvers fíkniefnis fyrir sig sem heimila yrði til innflutnings í notendaskömmtum. Hvort þar verði um fasta heimild í lögum til eins árs í senn fyrir tilteknu magni notendaskammta, eða að veita hámarkstengda undanþágu frá innflutningsbanni, eða skilgreina heimild til tiltekins aðila, til innflutnings styrkleikaprófaðs og vigtaðs magns í viðurkenndar neyslupakkningar af tilteknum ávana- og fíkniefnum.

Í því sambandi er varðar umrætt frumvarp, virðist alls ekki nægjanlega afmarkað í lagatexta þau ákvæði sem flutningsaðili telur þurfa til að fá framgengt vilja sínum um tiltekið frelsi til notenda fíkniefna, til að hafa í vörslu sinni það magn skuli **teljast eign til eigin nota**. Í reglugerð getur ráðherra einungis sett „**nánari ákvæði**“ við það sem í lögnum stendur. Í lagatexta verður því að skilgreina með ákveðnum hætti hvaða magn telst hverju sinni vera innan marka „**eigin nota**“ og fyrir hve langt tímabil telst hvert „**eigin nota**“ tímabil vera.

Þá ber niðurlag hinnar væntanlegu 5. mgr. 2. gr. laganna með sér afskaplega mikla vanþekkingu á afmarkandi ákvæðum lagafyrirmæla. Í ráðuneytinu hefðu þeir átt að fá upplýsingar um að óraunhæft væri að ætla ráðherra að fá heimild alþingis til að hann ráðherrann, **semji í ráðuneyti sínu frumreglur sem ótvírætt verða að vera hluti löggjafar; að ráðherrann fái að setja frumreglur beint inn í reglugerð**, þar sem tilgreind ætti **nánari ákvæði** þess sem þegar væru til í lögum.

Að visu kemur fram í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974, að breyting hafi verið gerð á lögnum. Þeir sem sömdu frumvarpið virðast hafa haldið að það væri nóg að segja frá því í lögnum að ráðherra muni setja í reglugerð ákvæði um að, - ráðherra **eigi að hafa „samráð“ við einhverja ótiltekna úr notendahópi**, um reglugerðarákvæðin? Eru þetta ásættanleg vinnubrögð?

Í umræddu frumvarpi er einungis ein óljós tilnefning nefnd en hún er; **um að samráð sé haft við notendur**. Þarna er hugtakið **notendur**, haft í fleirtölu. Er þarna átt við notendur almennt, eða notendur í hverju tilviki? Einhverja skímu um lagaheimildir verður lögreglan að hafa þegar hún mætir á vettvang atburða, um hvaða aðgerðir henni eru heimilar og t. d. hver er mælikvarðinn fyrir það að sá sem til rannsóknar er, geti fallið undir hugtakið **notendur**? Frumvarpið virðist fjarri því að vera tilbúið til lagasetningar.

Í 2. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

*„Við 4. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Þó skal kaup og varsla efna vera heimil í því magni sem er ekki umfram það sem talist getur til eigin nota samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. mgr. 2. gr.**“*

Enn ber þarna á alvarlegri vanþekkingu er varðar nauðsynlegt og eðlilegt ferli innflutnings efna sem **með öllu er óheimill innflutningur á, nema gegn sérstöku leyfi**. Ekki er í frumvarpinu lagðar línur um það hvernig tollgæslu beri að tollaafgreiða innflutta notendaskammta, hverjir hefðu heimild til innflutnings og hvert mætti magnið vera í hverri sendingu til skilgreinds innflytjanda sem þá teldist seljandi til notenda. Ef markmið væri að Alþingi hygði á að veita takmarkaða heimild til löglegs innflutnings tilgreindra notendaskammta, yrði jafnframt að skapa löglegan farveg fyrir þau fíkniefni, eftir skýrt afmörkuðum leiðum, frá tollaafgreiðslu til notandans. Slíkt væri óhjákvæmilegt, því lögreglan verður að hafa trausta sönnun fyrir því að það magn fíkniefna sem notandi væri með: við leit, rannsókn eða handtöku, **verður notandinn að geta sýnt lögreglu fram á að efnið sem viðkomandi væri með, væri fengið eftir löglegum innflutnings- og söluleiðum**.

Í 3. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður. En lítum fyrst á hvað stendur í **núverandi 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974**, um ávana og fíkniefni. Þar stendur eftirfarandi:

„Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á [ólögmætan] ⁹ hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.“

Hér á eftir kemur sú viðbót sem frumvarpshöfundar óska eftir að bætist við málsgreinina og er hún svohljóðandi:

„Þó skal ekki gera upptæk efni sem eru í vörslu einstaklinga 18 ára og eldri þegar magnið er innan þess sem talist getur til eigin nota samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. mgr. 2. gr.“

Þetta er enn eitt afar skýrt dæmi um óvitaskap og virðingarleysi frumvarpshöfunda fyrir afar mikilvægri hefð við samningu texta til lagasetningar. Þar er skýrleiki mikilvægastur en einnig þarf að huga að því að texti til lagasetningar birtist ekki í tvöfaldri merkingu. Í eldri hluta 6. mgr. segir að: *„Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á [ólögmætan] ⁹ hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.“*

Þarna er skýrt ákvæði löggjafans. Ef frumvarpshöfundar hefðu haft burði til þessa verks sem þeir tóku að sér, hefðu þeir fellt gömlu 6. mgr. 5. gr. niður og samið nýja málsgrein vel orðaða um það efni sem þeir vildu bæta við málsgreinina. Það hefði geta orðið snyrtilegur texti. En í stað þess óska frumvarpshöfundar eftir því að þegar lögreglan er í eftirliti, skuli hún líta framhjá skýrum fyrirætlum laga um að gera öll efni upptæk sem *aflað hefur verið á [ólögmætan] ⁹ hátt*, segir skýrt í lögum. Sá sem er með fíkniefnin bendir á hið nýja ákvæði um að **ekki skuli gera upptæk efni hjá 18 ára og eldri, ef magnið er innan þess sem talist getur til eigin nota, samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. mgr. 2. gr.**

Hér er náttúrliga eðlilegasta svar lögreglunnar. Já þetta er allt gott og blessað sem þú segir og þú mátt helda efnunum ef þú getur sannað að þú hafir fengið efnið eftir löglegum leiðum. Auk þess

er ákvæðið sem bent er á til varnar, eiga að vera sett í Reglugerð. Það eiga náttúrliga allir að vita sem telja sig geta samið lagafrumvarp, að Reglugerð ýtir ekki skýru lagaákvæði til hliðar. Þar er hið gagnstæða er skoðað. Gerir Reglugerðin lagareglur skýrari eða veitir byrjunaraðlögun að lagareglum. Ef svo er ekki eru mestar lýkur á að Reglugerðin verði ekki talin uppfylla lagaskilyrði og vera felld úr gildi.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma frá ykkur vegna þessa „svokallaða“ frumvarps. En hins vegar segi ég að á einungis 3. mánuðum hef ég tekið til skoðunar 3 afar mikilvæg stjórnarfrumvörp ríkisstjórnar, sem hafa svo gjörsamlega gengið fram af mér og ég hlakka mikið til að ræða við sem flesta þingmenn í aðdraganda kosninganna í haust og leita svara við því hvernig stendur á því að Alþingi taki jafn hryllilega illa unnin lagafrumvörp til lagavinnslu.

Læt þetta gott heita að sinni . Ef þið lesið þetta eigið þið að vita hvað þið eigið að gera: OG það er kominn tími til að þjóðin geti treyst þingmönnum sínum.

Með kveðju,

Guðbjörn Jónsson

Kríuhólum 4, 111 Reykjavík

Sími 267 2001. GSM. 860 84 00

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,
Gunnhildur Guðjónsdóttir

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,

Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,
Inga G Vífilsdóttir

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,
Linda Jónsdóttir



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 29. apríl 2021.

Efni: Tvö frumvörp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, varðandi afglæpavæðingu neysluskammta og iðnaðarhamp, 714. og 644. mál. Stjórnarfrumvörp.

Heilbrigðisráðherra hefur mælt fyrir tveimur frumvörpum sem bæði leggja til breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Annars vegar ræðir um frumvarp þar sem gert er ráð fyrir afglæpavæðingu neysluskammta, 714. mál, þskj. 1193, sem mælt var fyrir 7. apríl sl. Hins vegar ræðir um frumvarp um innflutning á fræjum sem gera ræktun iðnaðarhamps mögulega, 644. mál, þskj. 1107, sem mælt var fyrir 24. mars sl.

Af óskýrðum ástæðum hefur hvorugt frumvarpið verið formlega sent Læknafélagi Íslands (LÍ) til umsagnar, eins og tíðkast hefur varðandi mál af þessu tagi. Bæði málin fjalla þó um mikilvæg heilbrigðismál. Umsagnarfrestur beggja frumvarpanna er til 29. apríl nk.

Hér á eftir fer umsögn LÍ um bæði frumvörpin.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). Í frumvarpinu felst, eins og það er kallað í athugasemdum, að *afglæpavæða neysluskammta til eigin nota*. LÍ leggst eindregið gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt og vísar til eftirfarandi rökstuðnings í því sambandi:

1. Í frumvarpinu felst að neysla ólöglegra fíkniefna verður ekki refsiverð. Neysla ekki síst ungs fólks á ólöglegum fíkniefnum er alvarlegur vandi sem hefur alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir fíklana sjálfa en ekki síður fjölskyldur þeirra. Sem betur fer tekst sumum að vinna sig útúr fíkn sem þeir hafa ánetjast en því miður eru þeir allt of margir sem tekst það ekki. Á hverju ári deyja ungmenni vegna fíknar. LÍ leggur áherslu á að efla og auka meðferðarúrræði fyrir þá sem berjast við fíkn og verja auknu fjármagni til slíkra verkefna.
2. Hvergi er í frumvarpinu gert ráð fyrir neinum hliðaraðgerðum sambærilegum þeim sem gripið hefur verið til í öðrum löndum sem farið hafa þá leið að lögleiða neyslu fíkniefna eða gera hana ekki refsiverða. LÍ telur að svo afdrifaríkt skref sem þetta þurfi að stíga samhliða umfangsmiklum aðgerðum þar sem boðið er upp á meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, ráðgjöf og stuðning.
3. Frumvarpið gerir ekki tilraun til að skilgreina hvað sé neysluskammtur. Það á heilbrigðisráðherra að ákveða í reglugerð. Hætt er við fyrirhugaðar lagabreytingar dragi mátt úr þeim tólum sem lögreglan hefur í baráttunni gegn ólöglegri sölu fíkniefna. Ekki liggur fyrir hve margir dvelja eða hafa dvalið í fangelsi eða hlotið dóma vegna vörslu neysluskammta eingöngu án annarra tengdra afbrota. Þá liggur ekki fyrir hvernig stjórnvöld

ætli að bregðast við aukinni fíkniefnaneyslu ungmenna og fylgikvilla þess svo sem kvíða, þunglyndi og geðrofs.

4. Þegar frumvarpið var í drögum í samráðsgátt stjórnvalda bentu fjölmargir aðilar, m.a. bæði embætti landlæknis og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu á framangreinda annmarka á frumvarpinu. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessara ábendinga við lokaúrvinnslu þess. Lí telur mikilvægt að hafa samráð við fagaðila og hlutaðeigandi aðila í undirbúningi svo afgerandi lagabreytingar sem hér er fyrirhuguð. Þá telur Lí vert að benda að styrkja þurfi lögregluna í baráttu við sölu og dreifingu efnanna.
5. Allar rannsóknir sýna að heldur hafi dregið úr neyslu íslenskra ungmenna bæði á áfengi og öðrum vímuefnum undanfarin ár. Lí telur að verði farin sú leið sem frumvarpið leggur til muni fíkniefnavandi íslenskra ungmenna aukast frá því sem nú er. Refsingar hafa varnaðaráhrif. Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga, líkt og gerst hefur víða annars staðar þar sem gripið hefur verið til sambærilegrar lögleiðingar ólöglegra fíkniefna.
6. Þá telur Lí afar brýnt að forvarnir og fræðslustarf sé stóraukið. Forvarnir byggjast að mestu á að draga úr aðgengi að ávana- og fíkniefnum og telur Lí að frumvarpið í núverandi mynd gangi gegn þeim markmiðum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (iðnaðarhampur). Í frumvarpinu felst, eins og fram kemur í athugasemdum með því að leyfa innflutning á fræjum tegundarinnar Cannabis sativa. Jafnframt felst í því að stjórnsýsla og verkefni í tengslum við iðnaðarhamp færist frá Lyfjastofnun til Matvælastofnunar. Svo virðist að tilgangur frumvarpsins sé að skjóta styrkari lagastoð undir reglugerð nr. 355/2020 sem sett var á síðasta ári og heimilaði innflutning þessara fræja að fullnægðum nánar tilteknum skilyrðum, sem m.a. lúta að því að THC-magn fræjanna væri svo lítið að plönturnar sem af því spryttu gætu ekki nýst fíkniefnaneytendum. Lí sér ekki að brýnt hafi verið að hefja innflutning þessara fræja og mælir ekki sérstaklega með samþykki þessa frumvarps.

Eins og endranær eru fulltrúar Lí tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni þessara frumvarpa frekar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lí,



Reynir Arngrímsson, formaður



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að kaup og varsla á takmörkuðu magni ávana- og fíkniefna, svokölluðum neysluskömmtum, verði heimiluð. Lögreglustjóri getur ekki stutt frumvarpið eins og það er sett fram, en gengið er lengra í frumvarpinu en yfirlýst markmið ber vott um auk þess sem talið er að skoða verði gaumgæfilega aðra þætti er lúta að markmiðinu.

Skýrleikakrafa refsheimilda.

Gerð er athugasemd við þá tillögu að fella burt vörslu- og kaughugtökin í 1. mgr. 2. gr. og 4. mgr. núgildandi laga. Lögreglustjóri geldur varhug við þessari tillögu, en verði frumvarpið að lögum er hætt við því að háttsemi sem felur í sér vörslur og kaup fíkniefna verði refsilaus, en orðalag frumvarpsins er með þeim hætti að getur leitt til misskilnings og óvissu. Er þá bæði átt við fyrirhugaða uppsetningu á ákvæðinu, eins og frumvarpið leggur til, en einnig er hugtakið „*til eigin nota*“, algjörlega óskilgreint, en nánar verður vikið að því hugtaki hér síðar.

Varðandi tillögu frumvarpsins um hvernig ákvæði 2. gr. núgildandi laga er ætlað að hljóma, verði frumvarpið að lögum, þá er hætt við því að dregið sé úr þeirri gildandi bannreglu sem gildir að varsla og kaup fíkniefna eru óheimil á íslensku yfirráðasvæði. Eins og frumvarpið er skilið er ætlunin að kaup og varsla ávana- og fíkniefna, og þá kaup og varsla magns sem miðast við neysluskammt verði refsilaus, en önnur varsla og kaup umfram það magn verði áfram bönnuð á íslensku yfirráðasvæði. Að mati lögreglustjóra er því afar mikilvægt að hafa hugtökin „*varsla*“ og „*kaup*“ áfram í núgildandi lögum, á þeim stað þar sem þau eru, til að leggja áherslu á hver meginreglan er í þessu sambandi, en svo lýsa undantekningunni í sérstakri málsgrein sem þá lýsir undantekningu frá meginreglunni. Verði þessi leið ekki farin er hætt við því skýrleikakrafa refsiréttar sé ekki uppfyllt, og þá þannig að þeir sem hafa meira efni á sér en til er ætlast, eða kaupa meira magn af efni, muni ekki sæta neinum viðurlögum, sem er andstætt bannreglunni sem er í gildi og er ætlað að vera áfram í gildi að

meginstefnu til eins og frumvarpið verður skilið. Að mati lögreglustjóra er óheppilegt hvernig setningin „*Hið sama gildir um kaup og vörslu efna þegar magn þeirra er umfram það sem telst til eigin nota samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur*“ kemur í kjölfar lýsingu á hvar undanþágu er að geyma, og er til þess fallið að valda misskilningi, en einnig er setningin afar óljós og fullnægir ekki skýrleikakröfu refsheimilda þar sem ekki er tilgreint hvað telst vera magn til eigin nota, eða frekari afmörkun á því.

Hugtakið „*til eigin nota*“ í 1.,2.,3. og 4. gr. frumvarpsins, er ekki skilgreint í frumvarpinu sjálfu, en í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að um sé að ræða „*neysluskammt*“. Það hugtak er ekki skýrt nánar. Þannig er ekki tilgreint í athugasemdum með frumvarpinu hvort um sé að ræða neysluskammt hverju sinni, eða neysluskammt sem miðast við dagsskammt, eða vikuskammt, mánaðarskammt, ársskammt, eða 10 daga skammt líkt og gert er í Portúgal. Eftirláta á ráðherra að taka ákvörðun um það, sem verður að teljast afar misráðið.

Það að hvorug hugtökin eru skilgreind býður upp á veruleg vandkvæði í framkvæmd bæði hjá lögreglu og ákærvaldi líkt og ríkissaksóknari benti á í umsögn sinni um þingskjal 23, 23. mál á 150. löggjafarþingi. Gildir einu þótt sett verði reglugerð sem lýsir neysluskömmum nákvæmlega, því það leysir ekki þann vanda hvernig eigi að skilja á milli varsla til eigin nota og þegar um er að ræða vörslur í sölu- og hagnaðarskyni þar sem lagaákvæðið sjálft, verði frumvarpið að lögum, er ekki nægilega skýrt. Til skýringar má nefna að á hverju ári eru margir einstaklingar ákærðir fyrir vörslur fikniefna í sölu- og hagnaðarskyni, en þá liggur fyrir mat ákæranda hverju sinni, byggt á rannsóknargögnum, að fikniefnin sem um ræðir séu í það miklu magni að líklegt er talið að efnið séu ætluð til sölu þótt ekki sé unnt að færa sönnur á það. Er þá ákært einungis fyrir vörslur, en tiltekið í verknaðarlýsingu ákæru að vörslurnar séu í sölu- og hagnaðarskyni. Dómstólar hafa þá tekið mið af því við ákvörðun refsingar. Líkt og Lögreglustjórafélagið benti á í umsögn sinni um þingskjal 23, 23. mál á 150. löggjafarþingi, þá eru mörkin milli þess að vera neytandi og seljandi ekki alltaf ljós. Vel þekkt er að neytendur fikniefna fjármagna oft eigin neyslu með sölu á fikniefnum. Þá er það vel þekkt að seljendur fikniefna hafa oft lítið magn fikniefna á sér, til að láta líta svo út sem um neysluskammta sé að ræða.

Verði frumvarpið að lögum geta t.d. allir þeir sem verða ákærðir fyrir vörslur í sölu- og hagnaðarskyni borið því við að um sé að ræða efni til eigin nota, og þá neysluskammta sem dugi um einhvern tiltekinn tíma, á það við um alla sem eru teknir við þá iðju, líka þá sem selja fikniefni nálægt skólalóðum. Lögregla hefur þá ekkert í höndunum til að hrekja þá staðreynd, og vegna óskýrleika refsíákvæðis í lögunum, verði frumvarpið að lögum, eru miklar líkur á því að dæmt verði á grundvelli „*in dubio mitius*“ reglunnar, þ.e. að óskýrleiki refsíákvæðis verði skýrður sakborningi í hag og hann því sýknaður. Hafa ber í huga að vegna áhrifa 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hafa auknar

kröfur verið gerðar til skýrleika refsheimilda. Ekki dugar að lýsa refsinaemi í reglugerð, skýra þarf í lögunum sjálfum hvað átt er við um magn til eigin nota.

Þá er það mat lögreglustjóra að rétt hefði verið að leita álits refsiréttarnefndar, sem hefur m.a. það hlutverk að gæta að framangreindu, þ.e. skýrleika refsheimilda, sem og þróun á sviði refsiréttar, áður en frumvarpið var lagt fram á þingi.

Stefnumótun og samráð

Lögreglustjóri bendir á að í tengslum við vinnu frumvarps um neyslurými fór af stað vinna í heilbrigðisráðuneytinu til að reyna að skilgreina neysluskammta. Lögregla fylgdist vel með þeirri vinnu, og er kunnugt um að sú vinna bar á þeim tíma engan árangur, en farin var sú leið, sbr. lög nr. 48/2020, að heimila notanda neyslurýmis að hafa í vörslu sinni það magn ávana- og fíkniefna sem hann ætlar að neyta í neyslurými. Lögreglustjóri féllst á að þessi nálgun væri nægilega skýr og fæli þannig í sér skýra afmörkun á því um hvers konar vörslur væri að ræða og að engin hætta væri á að viðkomandi væri með efni í vörslum sínum ætluðu til sölu. Þá eru notendur neyslurýmis þekktir neytendur, um afmarkaðan hóp er að ræða, en notendur bæði skrá sig og magn efna sem þeir ætla að neyta í neyslurýminu, sbr. reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými. Sambærileg nálgun er ekki tæk þegar kemur að afglæpavæðingu neysluskammta, enda gjörólíkar aðstæður.

Ekki liggur fyrir hvort einhver vinna sé í gangi í ráðuneytinu núna um afmörkun neysluskammta, en ekki hefur verið óskað eftir samráði við lögreglustjóra í þeim efnum. Í athugasemdum með 4. gr. er vikið að því að mikilvægt sé að reglugerðin um neysluskammta verði tilbúin á sama tíma og lögin taka gildi, að gera þurfi ráð fyrir ítarlegu samráði við aðila sem skipta máli og er lögregla þar nefnd í dæmaskyni. Að mati lögreglustjóra hefði verið nær að móta heildstæða stefnumótun áður en frumvarpið var lagt fram, þar sem hugað hefði verið að því hverjir séu neytendur og hvernig afglæpavæðing neysluskammta fari saman við vinnu um fíkniefnaforvarnir til að verja börn og ungmenni. Einnig til að útskýra betur hvers vegna þessi leið sé talin heppileg fyrir samfélagið sem hér er, en frumvarpið er ekki nægilega skýrt í þeim efnum, en þar er fjallað um skaðaminnkun og að snúa þurfi af braut harðra refsinga.

Nú þegar hefur verið stigið stórt skref með skaðaminnkun að leiðarljósi fyrir þá sem neyta fíkniefna að staðaldri, þ.e. með tilkomu neyslurýma. Ekki er í frumvarpinu vikið að þeim stóra hópi sem neytir fíkniefna endrum og eins, og oft með alvarlegum afleiðingum fyrir sig og aðra. Þá verður ekki talið að hörð refsistefna ríki hér á landi þegar kemur að refsingu fyrir vörslu neysluskammta, í raun þvert á móti, en grunnsekt fyrir fyrsta brot er 50.000 krónur, en nánar er hægt að kynna sér refsingar í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 3/2021 sem aðgengileg eru á heimasíðu embættisins. Telja verður að meðalhófs sé gætt, að sektarrefsing sé með þeim hætti að höggva ekki of nærri viðkomandi, en á sama tíma til þess fallin að hafa sértæk varnaðaráhrif á einstaklinginn

sem er sektaður, en tekið skal fram að hér skortir í raun allar rannsóknir um ítrekunartíðni brota. Þá hefði verið heppilegt að skoða hvort fara ættir aðrar leiðir en að sekta, t.d. beita niðurfellingu saksóknar ef viðkomandi hefur sótt meðferð sem viðurkennd er af heilbrigðisráðuneytinu. Með því móti væri komið til móts við markmið frumvarpsins, þ.e. að meðhöndla eigi vanda vímuefnanotenda í heilbrigðiskerfinu en ekki dómskerfinu.

Þess má geta að íslenska fornvarnarmódelið hefur verið „*flutt út*“ til annarra landa sökum þess hve góður árangur hefur náðst varðandi vímuefnaneyslu ungmenna. Hætt er við að þeim árangri verði stefnt í voða með því að gera vörslur á neysluskömmtum refsilausa, þ.e. „*normalisera*“ neyslu fíkniefna. Líklegt er að mati lögreglustjóra að aðgengi að fíkniefnum muni verða enn auðveldara ef neyslan er samþykkt af samfélaginu og mun það án ef leiða til aukinnar neyslu og aukins kostnaðar samhliða henni. Þá horfir það einkennilega við að ætla að miða bann á kaupum og vörslum neysluskammta fíkniefna við einstaklinga yngri en 18 ára en ekki yngri en 20 ára eins og gert er í áfengislöggjöfnni. Rannsóknir sýna að heilinn í ungmennum er ekki þroskaður fyrr en um 25 ára aldur og hugræn geta hans minnkar við neyslu kannabísefna, auk þess sem reglulegir notendur eiga á hættu að þróa með sér geðraskanir. Rannsóknir þessar eru fremur nýlegar og því ráð að hafa niðurstöður þeirra í huga þegar farið er af stað í þá vegferð að ætla að afglæpavæða neysluskammta.

Haldlagning og upptaka efna

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er tillaga gerð um að efni sem séu í vörslu einstaklinga 18 ára og eldri verði ekki gerð upptæk sé magn þeirra innan þess marka sem getur talist til eigin nota. Í athugasemdum með 3. gr. kemur fram með þessu sé tryggt að lögregla geti ekki haldlagt efnin, jafnvel þótt þeirra kunni að hafa verið aflað með ólöglegum hætti. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þetta. Ekki verður annað séð en að afar lítil þekking sé hér á heimildum lögreglu, að verið sé að rugla saman haldlagningu og upptöku. Þá er ljóst að þeir sem standa að frumvarpinu hafa ekki hugsað dæmi til enda hvernig á að vinna þessi mál. Ef lögregla hefur afskipti af manni sem er með efni á sér sem hann segir vera til eigin nota, þá ber lögreglu, samkvæmt frumvarpinu, að láta manninn afskiptalaus. Slíkt er ekki að ganga upp, því öðruvísi getur lögregla ekki staðreynt að um neysluskammt sé að ræða. Nauðsynlegt er að haldleggja efnið til frekari skoðunar, en lögregla getur ekki staðreynt efni, styrkleika og magn á vettvangi þar sem hún hefur ekki búnað til þess. Ekki er vikið að þessum atriðum í frumvarpinu sem er ákaflega bagalegt. Rétt er að benda á að sum efni eru svo sterk að einungis örlítið magn getur búið til marga neysluskammta. Til að framkvæmdin sé í lagi og í samræmi við bannreglu ávana- og fíkniefnalaga, sem kveða á um að varsla og meðferð ávana- og fíkniefna er óheimil á íslensku forráðasvæði, verður að haldleggja efnið. Hvað varðar upptöku efna þá bendir lögreglustjóri á umsögn ríkissaksóknara til frumvarps til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (150. löggjafarþing, 23. mál) að rétt sé

að gera öll efni sem finnast á íslensku forráðasvæði upptæk, enda þangað komin/tilkomin á ólögmætan hátt.


F.h.h.
Hulda Elsa Björgvinsdóttir
sviðstjóri ákærusviðs



Nefndarsvið Alþingis

Velferðarnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Akureyri 4. maí 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu um lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, afglæpavæðing neysluskammta, þingskjal 1193, 714. mál.

Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem markmið er að breyta lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á þá leið að kaup og varsla á takmörkuðu magni af ávana- og fíkniefnum til eigin nota, svokölluðum neysluskömmtum, verði heimiluð.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra getur ekki stutt frumvarpið og telur það ganga lengra heldur en yfirlýst markmið. Auk þess sem að undirbúningur fyrir stefnubreytingu sem þessa hafi ekki verið nægur. Þá hafi forvarnastarf ekki verið aukið eða fjölgun meðferðarræða tryggð. Vandséð er hvernig verja eigi börn og ungmenni á sama tími og afglæpavæða eigi neysluskammta.

Tilefni og markmið

Tilefni frumvarpsins er sú stefnumörkun stjórnvalda að meðhöndla eigi vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en dómskerfinu. Á það er bent að lítill hluti neytenda lítur á sig sem sjúklinga og þrátt fyrir gott aðgengi að heilbrigðiskerfinu leitar fólk ekki þangað eftir aðstoð. Ungt fólk sem neytir fíkniefna lítur alls ekki á sig sem sjúklinga sem þurfi að aðstoða. Fyrir þeim verður varsla efna gerð lögleg verði frumvarpið að lögum og aðgengi þeirra aukið frekar. Það má vera að þau leiti til heilbrigðiskerfis síðar á lífsleiðinni þegar afleiðingar neyslunnar eru komnar fram og þá er vandinn jafnvel stærri en hann var í byrjun. Aðhald með neyslu fíkniefna verður ekkert verði frumvarpið að lögum sem getur haft alvarlegar afleiðingar á heilsu fólks. Líta verður til þess að stór hluti neytenda eru svokallaðir frístundaneytendur sem telja sig ekki aðstoðarþurfi.

Þá þykir ekki hægt að bera stöðuna á Íslandi saman við stöðuna í Portúgal. Líkt og fram kemur í frumvarpinu geisaði þar HIV faraldur meðal fólks sem sprautaði sig með fíkniefnum og dauðsföllum fjölgaði mikið. Portúgalar aflögðu fangelsisrefsingar vegna vörslu neysluskammta en fólk er ekki fangelsað fyrir vörslur á neysluskömmum á Íslandi. Neysla, kaup og varsla á fíkniefnum til eigin nota varðar enn viðurlögum í Portúgal, fólk fer bara ekki í fangelsi. Þá var meðferðarræðum fjölgað og fræðsla aukin. Hér á landi ætti því að duga okkur að fjölga meðferðarræðum og auka fræðslu. Það ættu allir að geta tekið undir.

Ekki hörð refsistefna

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er tekið fram að snúa þurfi af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna líkt og minnst er á í frumvarpinu. Það er mat embættisins að hörðum refsingum sé ekki beitt fyrir vörslur fíkniefna á Íslandi. Þá er á það bent að neysla er ekki



óheimil heldur varsla, sala, kaup etc. Við vörslubrotum fíkniefna liggur sektarrefsing þar sem fjárhæð miðast við magn. Lágmarkssekt er 50.000 kr. og svo leggst við sektarfjárhæð fyrir hvert byrjað gramm eftir því hvert efnið er, hvert byrjað gramm af kannabis varðar til dæmis 4.000 kr. sekt og samtals verður sektin því 54.000 kr. Fangelsisrefsingar eru ekki dæmdar fyrir vörslur fíkniefna og ítrekunaráhrif eru engin. Annað getur gilt um sölu fíkniefna en ekki er óalgengt að fyrir sölu séu þó dæmdar sektir. Embættið þekkir ekki til þess að afplánun vararefsinga fari fram vegna vörslubrota. Þá fara sektir undir 100.000 kr. ekki á sakaskrá.

Öll fíkniefni undir auk lyfja

Þá þykir of langt gengið með frumvarpinu þar sem það tekur til allra tegunda fíkniefna en ekki einstakra efna. Ekki skal lagt mat á það hér hvaða fíkniefni er minnst skaðlegt enda ljóst að þau eru öll skaðleg. Þó hafa önnur ríki farið þá leið sérstaklega í Bandaríkjunum að heimila vörslur á kannabis. Það þætti kannski eðlilegra skref að stíga við slíka stefnubreytingu og meta afleiðingar þess í stað þess að varsla neysluskammta allra efna t.d.; kókaíns, amfetamíns, MDMA, heróíns, metamfetamíns, krakks ofl. verði gerð refsilaus á einu bretti. Embættið varar við þessu.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að heimilt sé að kaupa og varsla lyfseðilskyld lyf teljist þau til eigin nota. Þar með er búið að afnema þá grundvallarreglu að sá sem hefur fengið lyfseðilskyld lyf afhent hafi einn heimild til að kaupa þau, móttaka og varsla. Lyfseðilskyld lyf mega þannig ganga kaupum og sölum fari magnið ekki yfir það sem áætlað er til einkanota. Þetta þykir varhugavert enda ekki ástæða til að bæta á þann vanda sem notkun á lyfseðilskyldum lyfjum er, þvert á móti hefði verið talið eðlilegra að þrengja lagaumhverfi þessara lyfja enda skaðsemi þeirra gríðarleg við misnotkun. Skemmst er að minnasta faraldurs óþjóða sem geisar víða um lönd. Á það er einnig bent að ekki er refsað fyrir vörslur óviðkomandi á lyfseðilskyldum lyfjum nema menn hafi þau til sölu, lyfin eru þó haldlögð í öllum tilvikum.

Upptaka og haldlagning

Þá er lagt til með frumvarpinu að fíkniefni verði ekki gerð upptæk sem eru í vörslu einstaklinga 18 ára og eldri þegar magnið telst til eigin nota. Þá segir í greinargerð með frumvarpinu að lögregla eigi ekki að haldleggja efnin. Þarna þykir gæta misskilnings um upptöku annars vegar og haldlagningu hins vegar og ekki ljóst hvernig lögreglu ber að vinna þessi mál. Ef lögregla á að geta kannað hvort um neysluskammt er að ræða eða ekki er henni nauðsyn að haldleggja efnið. Þá þykir afar óeðlilegt að ekki fari fram upptaka efna sem eru ólögleg á íslensku yfirráðasvæði hvenær sem til þeirra næst. Þá má benda á stöðu lögreglumanns sem afhendir neytanda fíkniefni sem til skoðunar eru ef viðkomandi skaðast eða lætur lífið af neyslu þeirra. Því er velt upp hvort ekki þurfi að koma til ákvæði um ábyrgðarleysi lögreglu í slíkum tilvikum verði frumvarpið að lögum. Myndi heilbrigðisstarfsmaður afhenda sjúklingi efni til inntöku sem hann veit ekki hvað er. Þetta þarf að hugsa til enda. Upptaka efnanna ætti að gilda í öllum tilvikum.

Þá er á það bent líkt og fram kemur í frumvarpinu að frumvarp hefur verið lagt fram á norska Stórþinginu um að varsla neysluskammta verði ekki lengur refsiverð en þó verði lögreglu áfram heimilt að stöðva notkun, verði hún vör við slíkt, og gera efni upptæk. Þá yrði þeim aðilum sem teknir yrðu með neysluskammta gert skylt að sækja fund hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem þeim yrði boðin fræðsla og aðstoð. Samhliða þessum breytingum á að efla



forvarnarstarf og fjölga meðferðarúrræðum. Frumvarpið hefur enn ekki orðið að lögum. Tekið er undir það með Norðmönnum að lögregla eigi ávallt að stöðva notkun og gera efni upptæk.

Forvarnir og meðferðarúrræði

Með vísan til þess sem lagt er upp með í Noregi vakna áleitnar spurningar hvernig eigi að vinna að forvörnum gegn neyslu fíkniefna og hvenær slíkt á að koma til. Að mati embættisins hefði stefnubreyting sem þessi átt að krefjast mikils undirbúnings og markvissra forvarna. Þá þyrfti einnig að fjölga meðferðarúrræðum enda má búast við því að neysla fíkniefna verði almennari en hún er nú. Flest allt ungt fólk fer að lögum og bann við fíkniefnaneyslu á íslensku forráðasvæði heldur mörgum frá því að nota fíkniefni. Það má því leiða líkur að því að það aðhald hverfi og fleiri leiti í fíkniefnaneyslu.

Í dag er því almennt haldið fram að auðveldara sé að nálgast fíkniefni heldur en áfengi. Fíkniefnaneysla er enn að aukast og mikið er orðið um íslenska framleiðslu og þá hefur styrkleiki efna einnig aukist. Áfengiskaupaaldur er 20 ára og óheimilt er að afhenda börnum og fólki undir 20 ára áfengi. Með frumvarpinu er lagt til að aldurstakmarkið við refsileysi neysluskammta verði 18 ár. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við það. Er vilji til þess að staðan verði sú að það eigi að taka áfengi af 19 ára ungmenni án þess að taka fíkniefni og lyfseðilskyld lyf þurfi lögregla að hafa afskipti af viðkomandi.

Þegar lögregla verður vör við neyslu og vörslu fíkniefna á heimilum barna er tilkynnt um það til barnaverndar. Ef varsla á neysluskömmtum verður gerð refsilaus munu þessi mál jafnvel ekki koma inn á borð lögreglu sem verður til þess að barnavernd fær ekki upplýsingar og getur ekki aðstoðað börnin og foreldra þeirra til að sinna sínum skyldum gagnvart öruggu uppeldi barna sinna. Sá þáttur er varðar börn neytenda þarfnast frekari skoðunar og undirbúnings eigi frumvarpið að verða að lögum.

Magn til eigin nota

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð um hvaða magn ávana- og fíkniefna getur talist til eigin nota, að höfðu samráði meðal annars við notendur. Athugasemdir eru gerðar við þetta og er skilgreining um magn til eigin nota talin verða að standa í lögum í samræmi við kröfuna um skýrleika refsheimilda. Þá er lykilatriði að hugtökin *kaup* og *varsla* falli ekki út úr ákvæði 2. greinar. Að öðrum kosti yrði vandséð hvenær ætti að refsa fyrir kaup og vörslur sem fara út fyrir það magn að efnin teljist til eigin nota. Ef vafi er um það vegna ófullnægjandi reglugerðarsetningar eða skort á skýrleika er bannreglan ónothæf sama hvert magnið er. Sú meginregla gildir í íslensku réttarfari að allan vafa skuli skýra sökunaut í hag, *in dubio pro reo*. Varðandi samráð við notendur vakna áleitnar spurningar við hvaða notendur á að miða magn til eigin nota, stórnotendur eða frístundanotendur. Fíkniefnaneytendur eru ekki einsleitir hópur og neysluskammtur hvers og eins getur verið afar mismunandi.

Á það er bent að með lögum nr. 84/2018 um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum var varsla eða meðferð efna og lyfja aðeins gerð refsiverð þegar haldlagt magn efna er umfram það sem talist getur til eigin neyslu. Bent er á að í lögunum er ákvæði um fræðslu þ.e. að það ráðuneyti sem fer með fræðslumál skuli í samráði við ráðuneyti og embætti landlæknis sjá til þess að fram fari fræðsla í því skyni að draga úr og koma í veg fyrir heilsutjón af völdum neyslu frammistöðubætandi efna. Æskilegt hefði verið eins og áður hefur verið



nefnt að þungi hefði verið settur í forvarnir áður en frumvarpið var lagt fram og jafnvel bundnar í lög líkt og í framangreindum lögum.

Skipulögð brotastarfsemi og verkefni lögreglu

Með því að varsla og kaup verði heimil upp að ákveðnu magni má gera ráð fyrir að aðgengi aukist að fíkniefnum, sala eykst sem getur haft þau áhrif að skipulögð glæpastarfsemi eflist enn frekar. Fíkniefnasala er ein þeirra algengustu leiða sem notaðar eru til að fjármagna skipulagða glæpastarfsemi. Með auknum umsvifum í fíkniefnasölu á Íslandi má þess vegna gera ráð fyrir að fjármögnun skipulagðrar brotastarfsemi verði auðveldari.

Fjölmargar bannreglur gilda í íslenskum lögum í því skyni að auðveldara sé að halda uppi reglu, tryggja frið og öryggi fólks. Þannig er ölvun á almannafæri refsiverð en ekki er refsivert að vera undir áhrifum fíkniefna á almannafæri og fyrirhugað frumvarp verður til þess að varsla er það ekki heldur. Erfitt verður að hafa afskipti af fólki undir áhrifum enda þurfa handtökuskilyrði að vera uppfyllt til að hægt sé að fjarlægja menn sem eru til óþurftar og ama vegna neyslu sinnar. Þá er bent á að reykingar eru til dæmis bannaðar á veitingastöðum og skemmtistöðum en ekki stendur til að banna fíkniefnaneyslu á þessum stöðum. Menn geta því óáreittir neytt fíkniefna fyrir allra augum verði frumvarpið að lögum. Þetta mætti koma í veg fyrir með fyrirhugaðri leið Norðmanna þ.e. að stöðva notkun, verði lögregla var við slíkt og gera efni upptæk. Þetta þarfnast nánari skoðunar.

Þá hlýtur að þurfa að skoða stöðu landsins í alþjóðlegu samhengi og þá staðreynd að á einu eðlilegu ári koma um 2,2 milljónir ferðamanna til landsins sem er sexfaldur íbúafjöldinn. Horfa þarf til annarra landa þar sem reynt er að verjast ákveðnum tegundum ferðamennsku og má nefna Hollendinga í því sambandi. Frumvarp það sem nú liggur frammi gæti haft áhrif á hvers konar ferðamenn koma til landsins. Þá er bent á að ekkert Norðurlandanna hefur gengið eða fyrirhugar að ganga jafn langt og frumvarpið gerir í svonefndri afglæpavæðingu neysluskammta og er varað við því.

Verkefni lögreglu verða áfram ærin þrátt fyrir að frumvarpið verði að lögum en eins og tölur sýna þá hefur akstur undir áhrifum fíkniefna aukist töluvert á meðan dregið hefur úr akstri undir áhrifum áfengis. Með aukinni neyslu má búast við að akstur undir áhrifum fíkniefna muni aukast enn frekar með tilheyrandi hættu fyrir vegfarendur. Það er því tómmt mál að mati embættisins meðal annars vegna þessa að tala um sparnað í refsivörslukerfinu vegna fyrirhugaðs frumvarps.

Lokaorð

Í frumvarpinu segir að það ríki talsverður vafi á því hvort sú fullyrðing að beiting refsinga sem fyrirbyggjandi leiðar til að koma í veg fyrir notkun ávana- og fíkniefna sé augljóslega betri en aðrar vægari leiðir. Að sama skapi bendir embættið á að töluverður vafi er á því hvort að staðan væri betri á Íslandi í fíkniefnamálum ef ekki hefði gætt aðhalds með bannreglu fíkniefnalöggjafarinnar. Embættið leyfir sér að efast um það. Fíkniefnaneysla fólks er víða alvarleg og þekkt að neytendur fjármagna neyslu sína bæði með sölu fíkniefna, innbrotum og annars konar lögbrotum. Æði oft er lögregla með einstaklinga undir höndum sem hafa hlotið mikinn skaða af völdum fíkniefna og vill lögregla ekki sjá þeim fjölga.



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Fórunnarstræti 138 - 600 Akureyri - Sími 444 2800
Kt. 670814-0410

Með frumvarpinu er fyrirhugað að heimila vörslur til eigin nota og einnig kaup. Sala fíkniefna er þó áfram óheimil. Aðili sem kaupir efni til eigin nota má þá aðeins kaupa það efni sem hann ætlar til eigin nota en sá sem selur honum er ólöglegur með öllu. Að mati embættisins ættu kaupin einnig að vera óheimil líkt og afhending. Annars verður uppi ákveðið misræmi. Augljóst virðist vera að sala fíkniefna muni aukast og þar með ólögleg sala fíkniefna sem ávallt er ólögleg. Þá er einnig á það bent að flest fíkniefni koma ólöglega til landsins en eiga engu að síður að vera lögleg í höndum neytandans. Þetta þykir varhugavert.

Embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra tekur undir þau lagatæknilegu atriði sem fram koma í umsögn Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu. Einkum það er lítur að því að hugtökin *varsla* og *kaup* eigi að falla burt.

Þá er það mat embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að rík þörf er á að leita álits refsiréttarnefndar, sem hefur meðal annars það hlutverk að gæta að skýrleika refsheimilda og þróun á sviði refsiréttar.

Virðingarfyllt,

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.

*Nefndasvið Alþingis,
velferðarnefnd,
nefndasvid@althingi.is*

Reykjanesbær, 10. maí 2021.

Umsögn lögreglustjórans á Suðurnesjum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta) – Þingskjal 1193 – 714. mál.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum getur ekki stutt þetta frumvarp.

Þá styður embættið efnislega þær umsagnir sem komið hafa frá ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra og Lögreglustjórafélagi Íslands.

Það er staðreynd að á Íslandi er ekki rekin hörð refsistefna í minniháttar fíkniefnamálum.

Sorglegt er að sjá efnilega krakka í blóma lífsins ánetjast fíkniefnum og þau áhrif sem efnin hafa á heilsu þeirra og stundum það vonleysi og úrræðaleysi til að bregðast við í tíma. Sum börn deyja og önnur bíða þess aldrei bæturs. Verða öryrkjar til lífstíðar. Hörmungar fyrir alla, aðstandendur sem aðra.

Verði frumvarpið að lögum má 18 ára einstaklingur kaupa og varsla takmarkað magn af ávana- og fíkniefnum til eigin nota og ekki má lögregla gera efnin upptæk enda verður refsilaust að kaupa og varsla þessi efni ef frumvarpið verður að lögum.

Í greinargerð með frumvarpinu er stutt yfirferð og gagnleg um stefnu og aðgerðir sumra þjóða í þessum efnum. Þannig er því lýst að stjórnarfrumvarp liggi fyrir norska Stórþinginu þar sem lagt er til að varsla neysluskammta verði ekki lengur refsiverð en eftir sem áður verði lögreglu áfram heimilt að stöðva notkun, verði hún vör við slíkt, og gera efni upptæk. Þá verði þeim aðilum sem teknir yrðu með neysluskammta gert skylt að sækja fundi hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem þeim yrði boðin fræðsla og aðstoð en þó verði ekki refsivert ef þeir mæta ekki til boðaðs fundar. Samhliða þessum breytingum á að efla forvarnarstarf og fjölga meðferðarúrræðum.

Í svo viðkvæmu máli og afdrifaríku þykir lögreglustjóranum á Suðurnesjum ótímabært að gera þær breytingar sem frumvarpið boðar.

Samkvæmt barnaverndarlögum eru einstaklingar börn til 18 ára aldurs. Höfum hag þeirra að leiðarljósi í þessu máli sem öðrum.

Virðingarfyllst,

Úlfar Lúðvíksson,
lögreglustjóri á Suðurnesjum



Nefndasvið Alþingis,
Velferðarnefnd,
nefndasvid@althingi.is

Reykjanesbær, 6. maí 2021.

Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta) – Þingskjal 1193 – 714. mál.

Lögreglustjórafélag Íslands telur einsýnt að fíkniefnaneysla ungmenna muni aukast og viðhorf þeirra til vímuefna verði jákvæðara verði frumvarpið að lögum.

Því hefur verið haldið á lofti að refsing fyrir kaup og vörslu neysluskammta í formi sekta hafi lítil varnaðaráhrif en geti hins vegar aukið á félagslegan vanda þeirra sem neyta fíkniefna. Þykir rétt í þessu sambandi að geta þess að hér á landi er ekki rekin hörð refsistefna í þessum málaflokki og minniháttar mál leyst með greiðslu sekta.

Tilfni frumvarpsins er sögð sú stefnumörkun stjórnvalda að meðhöndla eigi vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en dómskerfinu. Því getur lögreglustjórafélagið verið sammála.

Hér ber fyrst og síðast að hafa hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.

Þeir sem munu græða mest á boðuðum breytingum eru fíkniefnaframleiðendur og fíkniefnasalar. Þeir munu nýta allra leiða til frekari athafna verði frumvarp þetta að lögum.

Í desember 2013 gaf velferðarráðuneytið út stefnu í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020 þar sem yfirmarkmiðin voru:

- Að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum.
- Að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna.
- Að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að nota áfengi eða aðra vímuefna.
- Að fækka þeim sem þróa með sér skaðlegt neyslumynstur áfengis eða annarra vímuefna.
- Að tryggja aðgengi fólks, sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávana, að samfelldri og samþættri þjónustu sem byggist á bestu þekkingu og kröfum um gæði.
- Að draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi eða öðrum vímuefnum.

Erfitt að sjá að horft hafi verið til allra framangreindra markmiða við gerð frumvarpsins.

Lögreglustjórafélag Íslands getur ekki stutt frumvarpið.

Sjá jafnframt umsögn Lögreglustjórafélags Íslands, dags. 18. nóvember 2019, vegna þingskjals 23 – 23. mál.

Fyrir hönd Lögreglustjórafélags Íslands,



formaður

Velferðarnefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr.65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). Þingskjal 1193, 714. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974
(aflgæpavæðing neysluskammta). Þingskjal 1193, 714. mál.

Almennt

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun með Frú Ragnheiði á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt varðandi ýmis hagsmunamál fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar auk þess að sinna stoðhlutverki við stjórnvöld.

Umsögn um áformin

Rauði krossinn fagnar því að heilbrigðisráðherra hafi lagt fram frumvarp um aflgæpavæðingu á kaupum og vörslu neysluskammta og styður þær breytingar á löggjöfinni sem þar eru lagðar fram. Rauði krossinn styður þá stefnu að meðhöndla eigi vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en í dómskerfinu.

Rauði krossinn tekur undir þann rökstuðning sem kemur fram í frumvarpinu um kosti þess að kaup og varsla á neysluskömmtum efna sem bönnuð er á íslensku forráðasvæði, skv. 1. mgr. 2. gr. sbr. 6. gr. laganna, ásamt svokallaðra lyfjaseðilsskyldra lyfja, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, verði gerð refsilaus. Rauði krossinn styður sérstaklega þá breytingu að kaup á neysluskömmtum verði einnig aflgæpavædd, sem er óhjákvæmilegur þáttur vímuefnanotenda til að útvega sér efni í flestum tilvikum.

Rauði krossinn fagnar því að magn ávana- og fíkniefna, sem teljast skuli til eigin nota, verði skilgreint í reglugerð fremur en í lögunum sjálfum, enda verður þannig auðveldara að bregðast við breyttum aðstæðum án þess að lagabreyting þurfi að koma til.

Félagið fagnar því að við gerð reglugerðar um skilgreiningu á stærð neysluskammta skuli vera haft samráð við notendur svo rammi verði myndaður sem sé í samræmi við aðstæður á Íslandi. Í ljósi þeirra ráðagerða að setja á laggirnar notendasamráð, þar sem fulltrúar velferðarþjónustu, lögreglunnar, ráðuneytis heilbrigðismála og frjálsra félagasamtaka skulu eiga sæti, vill félagið ítreka mikilvægi þess að fá notendur að borðinu en ekki einungis málsvara þeirra í formi frjálsra félagasamtaka þar sem engin eiginleg notendasamtök er að finna hérlandis.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að funda með velferðarnefnd Alþingis til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins, sé þess óskað.



Alþingi - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 65/174, um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta) – 714. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðnar nefndasviðs Alþingis til Reykjavíkurborgar dags. 15. apríl sl.

Reykjavíkurborg tekur að meginstefnu undir efni frumvarpsins og telur jákvætt að lögð sé til afglæpavæðing á kaupum og vörslu neysluskammta. Reykjavíkurborg tekur undir þau markmið frumvarpsins að meðhöndla eigi notkun fíkniefna í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en dómskerfinu.

Hugmyndafræði skaðaminnkunar í þjónustu við einstaklinga sem nota fíkniefni hefur gefið góðan árangur síðustu ár. Markmið skaðaminnkunar er að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum notkunar fíkniefna og auka lífsgæði og bæta heilsufar þeirra sem nota fíkniefni. Skaðaminnkandi þjónusta felst m.a. í ráðgjöf og heilbrigðisþjónustu. Skaðaminnkandi þjónusta verður árangursríkari ef varsla neysluskammta er ekki ólögmæt, en notendur fíkniefna verða að geta geta hringt eftir bráðaaðstoð og sótt heilbrigðis- og velferðarþjónustu án ótta við að neysluskammtar verði teknir af þeim. Sameiginlegt markmið okkar allra sem samfélags hlýtur að vera að koma í veg fyrir dauðsföll af völdum ofskömmtnar og bæta heilsu notenda fíkniefna.

Þrátt fyrir ofangreint telur Reykjavíkurborg einnig ástæðu til að halda til haga sjónarmiðum samráðshóps Reykjavíkurborgar um forvarnir. Samráðshópurinn telur afglæpavæðingu neysluskammta vera til þess fallna að auðvelda aðgengi ungmenna að vímuefnum og gera viðhorf ungmenna til vímuefna jákvæðara. Reykjavíkurborg telur mikilvægt að hafa þessi sjónarmið til hliðsjónar við frekari vinnslu í átt að hugmyndafræði skaðaminnkunar og vill leggja áherslu á mikilvægi forvarna samhliða breyttri nálgun í málaflokknum.

Mikill munur er á afglæpavæðingu neysluskammta og lögleiðingu ávana- og fíkniefna. Meðferð, innflutningur, útflutningur, sala, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og kaup og varsla á stærri skömmtum ávana- og fíkniefna verður enn óheimil og refsiverð samkvæmt lögum. Sérfræðingar sem vinna með notendum fíkniefni hafa vakið athygli á því að refsing fyrir kaup og vörslu neysluskammta í formi sekta hefur lítil varnaðaráhrif, en getur aftur á móti aukið þann félagslega vanda sem margir notendur fíkniefna glíma við. Þá eru notendur ólíklegri til að leita sér aðstoðar á borð við meðferðarúrræði ef þeir þurfa að glíma við greiðslu sekta eða eiga á hættu afplánun í fangelsi. Með því að afglæpavæða kaup og vörslu neysluskammta auðveldum við

notendum að nálgast þá aðstoð sem þeim stendur til boða.

Að mati Reykjavíkurborgar leggur frumvarp þetta til mikilvægar breytingar sem eru til þess fallnar að bæta stöðu þeirra sem nota fíkniefni og styðja við þróun skaðaminnkandi þjónustu í landinu. Þá tekur skrifstofan undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð um mikilvægi þess að snúa þurfi af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna og að leggja skuli áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Þær breytingar á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni sem hér koma fram eru mikilvægt skref í átt að bættu fyrirkomulagi í málaflokknum.

F.h. Reykjavíkurborgar

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Umsögn samráðshóps um forvarnir hjá Reykjavíkurborg dags. 26. apríl.

Umsögn um:

Þingskjal 1193 á 151. löggjafarþingi 2020-2021.

Umsögn Samráðshóps Reykjavíkurborgar um forvarnir um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta).

Undirrituð sitja í Samráðshópi um forvarnir hjá Reykjavíkurborg og hafa kynnt sér frumvarp til laga um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta). Hópurinn samanstendur af sérfræðingum stjórnsýslusviða borgarinnar sem hafa með málefni barna og unglunga að gera. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- Samráðshópur um forvarnir vill leggja áherslu á að hagsmunir barna og unglunga verði hafðir að leiðarljósi við lagabreytinguna.
- Með afglæpavæðingu neysluskammta má gera ráð fyrir að aðgengi að vímuefnum verði meira. Það er þekkt staðreynd að aukið aðgengi að vímuefnum eykur neyslu. Þessi breyting, verði hún að lögum, getur auðveldað unglungum að verða sér út um vímuefni og því aukið neyslu þeirra. Það sama á við um fullorðið fólk og hefur þá einnig bein og óbein áhrif á börn, þ.e. umönnunarháefni þeirra sem foreldra.
- Þó það sé jákvætt að draga úr fordómum og neikvæðu viðhorfi til hópa sem neyta vímuefna er áhyggjuefni að það hafi einnig jákvæð áhrif til vímuefnanna sjálfra í samfélaginu og þá sérstaklega meðal unglunga. Það hefur verið reynslan að jákvæðari viðhorf geri það að verkum að fleiri prufi að nota efnið, þá bæði fullorðnir og unglingar.
- Miðað er við 20 aldurstakmark í 18. gr. áfengislaga nr. 75/1998, því skýtur skökku við að í frumvarpinu sé miðað við 18 ára aldur en ekki 20 ára eins og í áfengislögunum. Hópurinn mælir með að miðað sé við 20 ára aldur verði frumvarpið samþykkt.
- Hópurinn telur mikilvægt að leggja upp með heildstæða stefnu stjórnvalda í mállefnum áfengis og vímuefna og að löggjöfin sé í takt við hana. Ásamt því að gera áhættumat með tilliti til barna og unglunga, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans.
- Öflugar mótvægisáðgerðir fyrir börn, unglunga og foreldra eru nauðsynlegar í málaflokkinum skv. 3.4 grein Heimsmarkmiðana og 33. gr. Barnasáttmálans.¹

Reykjavík, 26. apríl 2021

Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Hólmfríður G Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla
Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Magnús Amar Sveinbjörnsson, umhverfis- og skipulagssviði
Markús Heimir Guðmundsson, Hitt húsið, íþrótt- og tómstundasviði
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, skóla- og frístundasviði
Þóra Kemp, velferðasviði

¹ https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_hm_bs_interactive.pdf og <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=14565f37-7dd6-11e8-942c-005056bc530c>



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 29. apríl 2021

Efni: Umsögn embætis ríkislögreglustjóra um frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni nr.65/1974

Niðurstaða: Embætti ríkislögreglustjóra getur ekki stutt frumvarp þetta í núverandi mynd

Forsendur:

- Lagt er til í frumvarpi þessu að orðin „varsla“ og „á sama hátt“ í 1. og 2. mgr. í annarri grein núgildandi laga 65/1974 falli brott. Að mati ríkislögreglustjóra er hér gengið lengra en markmið frumvarpsins (þ.e. afglæpavæðing neysluskammta til eigin nota) ber með sér og varsla fíkniefna samkvæmt frumvarpinu gerð refsilaus.
- Líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu nánar tiltekið í 3. kafla Samanburður við önnur ríki þá er „varsla“ fíkniefna til eigin nota refsiverð í Portúgal sjá bls. 6, kafla 3.2.1. þriðja efnisgrein „... varsla á fíkniefnum til eigin nota varðar enn viðurlögum í Portúgal.“ Í kafla 3.2.4. Önnur lönd kemur fram að í Danmörku telst „varsla“ fíkniefna refsivert athæfi, í Svíþjóð telst „varsla“ fíkniefna lögbrot, í Finnlandi varðar „varsla“ fíkniefna sektum eða fangelsi. Í Hollandi er „varsla“ fíkniefna ólögleg og varðar refsingum. Í Bretlandi varðar „varsla“ fíkniefna refsingum. Í Frakklandi er „varsla“ fíkniefna lögbrot. Í Kanada er „varsla“ fíkniefna lögbrot. Að endingu er fjallað um Þýskaland í kaflanum og þar fram kemur að allt að fimm ára fangelsi liggur við „vörslu“ fíkniefna.
- Að framansögðu er ljóst að í þeim ríkjum veraldar sem talin eru hafa hvað mildasta löggjöf er fíkniefni varðar og í þeim ríkjum er hafa sem líkasta samfélagsgerð (Norðurlönd) er „varsla“ fíkniefna refsiverð (skv. greinargerð frumvarpsins). Að mati embætis ríkislögreglustjóra mætti skilgreina betur hvað fellur undir hugtökin „varsla“ og „til eigin nota“. Ef hugtökin eru ekki skilgreind ítarlega getur hugsanlega komið til mismunandi túlkunar á ákvæðum laganna sem kann að gera lögreglu erfiðara um vik að framfylgja lögnum.
- Embætti ríkislögreglustjóra tekur undir með þeirri hugsun sem fram kemur í frumvarpinu að brýnt sé að snúa af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna og að leggja beri áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Embætti ríkislögreglustjóra bendir ennfremur á mikilvægi þess að nýta fjölbreytt úrræði m.a. hjá lögreglu til að styðja þá sem vilja komast út úr neyslu m.ö.o. áherslan flytjist frá refsingu að stuðningi. Hér má benda á stafrænar lausnir svo sem vefspjall við þjálfaða sálfræðinga og einstaklingsbundna netdagbók með skrifaðri endurgjöf. Huga mætti að því í löggjöfinni að gera lögreglu kleift að bjóða upp á önnur úrræði en sektargerðir þegar að ákvarðanir eru teknar um afgreiðslu minniháttar brota í þessum málaflokki.
- Það er mat embætis ríkislögreglustjóra að heillavænlegt sé að niðurstöður stefnumótunar í málaflokknum og samráð við hagsmunaaðila þ.m.t. lögreglu liggi fyrir áður en endanlegt frumvarp til breytinga á lögum 65/1974 er lagt fyrir Alþingi.

Ég heiti Sigurður R Guðmundsson og er löggiltur áfengis- og vímuefnaráðgjafi síðan 2006. Ég starfaði hjá SÁÁ í tæp 9 ár. Ég starfaði einnig sem yfirmaður á Staðarfelli frá 2005 til loka árs 2008. Ég er líka fyrrverandi notandi af áfengi og hassi þótt ekki hafi ég notað það í rúmlega 25 ár. Annað dæmi um það hvað fordómar eru litlir á Íslandi. Ég slengi þessu bara fram vitandi það að ég fæ sennilega jákvæðari en neikvæðari viðbrögð við því. Hvergi nema á Íslandi myndi það gerast. Ég hef því víðtæka reynslu sem fagmaður, neytandi og áfengis- og vímuefnaráðgjafi. Ég starfaði talsvert með föngum á Staðarfelli sem komu af Litla-Hrauni til að ljúka dómi síðustu 28 dagana af dómi sínum.

Hér koma nokkrir punktar varðandi lögleiðingu neysluskammta á kannabis.

1. Neytendur kannabis eru að stærstum meirihluta unglingar og ungmenni á aldrinum 15 til 25 ára. Þetta frumvarp virðist þó aðeins ná til 18 ára og eldri og því má tala um 18-25 ára sem lang- langstærsta neytluhópinn. (eftir 25-30 ára aldurinn virðist þessi hópur færa sig yfir í örvandi efni eins og amfetamín, rítalín oþh.)
2. 18-25 ára unglingar/ungmenni eru í lang- langflestum tilfellum ennþá með búsetu hjá foreldrum. Eins og lögin eru í dag er erfitt fyrir þessa unglinga/ungmenni að leynd þá fyrir foreldrum ef þau eru tekin með neysluskammta af lögreglu og þar af leiðandi er það oft fyrsta merki um vanda að lenda á sakaskrá fyrir vörslu kannabis. Þetta er oft ástæða þess að þessir krakkar, fyrir tilstilli foreldra, leita sér aðstoðar t.d. hjá SÁÁ.
3. Ég talaði við Kristján skólameistara hjá F.S. og spurði hann út í það hvaða afleiðingar það hefði fyrir t.d. 19 ára ungling að lenda á sakaskrá. Það hefur engar afleiðingar frá hendi skólans ekki frekar en bílprófsmissir vegna ölvunar eða álíka brot. Það er þó reynt að fylgjast með því ef ungmennin sýna áhættuþegðun og reynt að aðstoða þau eftir fremsta megni.
4. Ég hef ekki séð nein bein gögn eða rannsóknir sem sýna fram á það að lenda á sakaskrá fyrir vörslu neysluskammta á kannabis, hafi slæmar afleiðingar í för með sér fyrir einstakling...að öðru leyti en því auðvitað að hann/hún er sektaður og lendir vissulega á sakaskrá. Eftir 5 ár falla svo þessi brot út af sakaskrá.

Stærsti vandinn er auðvitað það að þetta eru börnin okkar og unglingarnir okkar. Viðkvæmur hópur á viðkvæmum aldri. Þegar þau verða háð kannabisefnum þá detta þau úr skóla, verða félagslega óvirk og það er á helstu mótunarárum þeirra. Stærsti skaðinn er ekki líffræðilegur heldur félagslegur, skóli, samskipti, atvinna og fjölskylda. Það er erfitt fyrir 25-30 einstakling að byrja í framhaldsskóla eða iðnskóla eftir að hafa verið að reykja kannabis í 5-10 ár. Þau verða minnislítill, þjást af einbeitingaskorti og tilfinningasveiflum og erfitt er að meta hversu mikil varanleg áhrif kannabisneysla hefur á fólk.

Það er ítrekað talað um að notkun á fíkniefnum verði ekki lengur glæpur. Þar með er verið að normalisera þetta. Að þetta sé heilbrigðisvandamál en ekki dómsmál. Ég er alveg sammála. Þetta er heilbrigðisvandi. Vandinn er bara sá að það eru eingöngu glæpamenn og glæpasamtök sem selja fíkniefni og hafa verið að selja. Jafnvel þau fíkniefni sem eru "lögleg". Þeir eru ekki að hugsa um hvort þetta sé heilbrigðis- félags- eða dómsmál. Þeirra er að græða sem mest án nokkurs tillits til fíkilsins, samfélagsins eða neins annars. Því mun þetta alltaf þurfa að vinna saman. Dómstólar, löggæsla og heilbrigðisyfirvöld. Við hér á Íslandi erum í einstakri stöðu þegar kemur að aðgengi að meðferð. SÁÁ og LSH eru með faglega meðferð og hvergi í heiminum er eins gott aðgengi að áfengis- og vímuefna meðferð. Við erum í allt annarri stöðu en nágrannalönd okkar. Hvað þá lönd eins og Portúgal.

Klása nr 6. Um mat á áhrifum er uppfull af óskhyggju og rangfærslum.

Beiting sekta og inngrip lögreglu er þvert á móti nákvæmlega líklegra til að fíkillinn leiti sér aðstoðar. Mjög mörg dæmi um það koma á hverju ári á Sjúkrahúsið Vog. Sektor vegna ölvunaraksturs eða fíkniefnaaksturs eru t.d. mjög oft undanfari þess að fíkill leitar sér aðstoðar. Dæmi um að lögregla stoppi fólk úti á götu og leiti á því að fíkniefnum eru nánast engin. Hins vegar ef lögregla stoppar vímaðan bílstjóra og finnur

Ég skil ekki hvaða hagur er í því að lækka kostnað lögreglunnar með því að hætta að refsa fyrir vörslu fíkniefna. Það eru ekki góð rök. Ef við lögleiðum glæpi þá að sjálfsögðu munum við eyða minna í refsivörslukerfið. Hugmyndin er að hugsa um hvað er best fyrir fíklana, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild. Ekkert er heldur hæft í því að konur verði fyrir minna ofbeldi við lögleyðingu neysluskammta. Áfengi er löglegt fíkniefni/vímuefni. Ofbeldi gegn konum er svakalegt tengt áfengi.

Rökin varðandi það að rétt þyki að treysta fullorðnum einstaklingum til að taka sjálfir ákvarðanir um neyslu fíkniefna, halda heldur ekki vatni. Því ef frumvarpið nær aðeins til kannabisefna á þeim forsendum þá ættu þau líka að ná til Heróíns, Kókaíns, Amfetamíns, Rítalíns, LSD, Krakk-Kókaíns, Morfíns, Ópíums og fleiri álíkra efna. Þetta eru ekki venjulegar matvörur eða venjuleg neysluvara. Þú verður ekki háður mjólk eða skyr. Þú missir ekki fjölskylduna vegna mjólkurvara eða vinnuna. Þessi fíkniefni eru virkilega hættuleg því að fólk verður mjög fljótt háð þeim og afleiðingar eru svo miklu miklu verri en flestir gera sér grein fyrir.

Varðandi fullyrðingar um að lögleiðing neysluskammta muni ekki fjölga fíklum og framboði fíkniefna, þá er einfaldast að spyrja bara hvern sem er sem hefur snefil af þekkingu úr sölu og markaðssetningu. Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi þótt það sé kannski ekki það sem fylgjendur frumvarpsins vilji heyra eða tala um. Nærtækasta dæmið er að vitna í lög um vændissölu og hvaða afleiðingar hún hafði á framboði og eftirspurn um vændi. Skipulagðir glæpahópar sáu sér að sjálfsögðu leik á borði og því höfum við hér núna veldisaukningu á vændi á Íslandi. Ekki gleyma því að framboð meðferðar hér á landi er eitt það besta í heimi. Við munum ekki geta keppt við útsjónasama glæpamenn sem eru þar að auki sjarmerandi í að sannfæra nýja kaupendur um ágæti þess að prufa bara einu sinni!

Ekki vanmeta útsjónarsemi þeirra sem vilja selja fíkniefni. Ein af lykilspurningum tengdu þessu frumvarpi er: Mun þetta auka sölu, minnka sölu eða engu breyta með sölu á fíkniefnum? Svárið kemur vonandi fylgjendum frumvarpsins á óvart. Eftir að hafa talað við nokkra fyrrverandi fíkniefnasala, sem flestir hlógu að þessu, þá liggur það í augum uppi. Svörin sem ég fékk voru til dæmis: “Ég myndi alltaf selja þetta með þeim formerkjum að þetta væri núna orðið löglegt.” Og “Ef nýr notandi er hikandi get ég alltaf sagt honum að hafa engar áhyggjur. Hann verður látinn í friði af löggunni með neysluskammt.” Glæpamennirnir/salarnir eru alltaf skrefinu á undan. Þeir munu að sjálfsögðu nota sér þetta og rúmlega það. Það má því fullyrða það að sala/neysla á fíkniefnum muni aukast og sérstaklega til nýrra notenda sem eru tvístígandi nú þegar. Unglingar og ungmenntu eru sérstaklega auðveldur hópur og ginnkeyptur fyrir fíkniefnasala.

Ég legg til að þetta frumvarp verði ekki að lögum því það mun auka framboð, sölu og neyslu á fíkniefnum. Það mun líka auka fjölda fíkla með þeim vanda sem því fylgir fyrir fjölskyldur og samfélagið í heild. Við höfum í dag bestu úrræði í heimi þegar kemur að meðferð fíkla og því legg ég til að fókusinn verði settur frekar í að styðja við meðferð og fræðslu. Við munum aldrei geta losnað við áfengi eða fíkniefni né heldur glæpi. Því er engin ástæða til að auðvelda þeim verkið.

Sigurður R Guðmundsson
Löggiltur áfengis- og vímuefnaráðgjafi.
Sími 860 7250



SNARRÓTIN

SAMTÖK UM SKAÐAMINNKUN & MANNRÉTTINDI

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). 714. mál á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

Snarrótin fagnar frumvarpinu um afglæpavæðingu á neysluskömmtum, sem gengur út að gera vörslu og kaup á neysluskömmtum af öllum vímuefnum refsilausa. Félagið hefur í umsögnum sínum um skyld frumvörp hvatt ráðuneyti og þingheim til að beita sér fyrir slíkri réttarbót og fært meðal annars rök fyrir því að refsingar í garð notenda vímuefna, hvort sem þeir glíma við vímuefnavanda eða ekki, hafa ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Formleg viðurkenning heilbrigðisráðuneytisins á því að refsistefna í vímuefnamálum sé ekki gagnreynd nálgun og að frekar eigi að huga að skaðaminnkun og aðstoð til notenda er mikið framfaraskref.

Snarrótin vill þakka heilbrigðisráðherra og starfsfólki í heilbrigðisráðuneytinu fyrir að taka þetta mikilvæga skref og vonar að með því sé hægt að snúa frá þeirri bann- og refsistefnu sem tíðkast hefur í áratugi og hefja fyrstu skrefin í átt að vímuefnastefnu sem byggist á vísindum, mannréttindum og skaðaminnkun.

Snarrótin hefur áður skilað inn umsögn um frumvarpsdrögin á samráðsgátt stjórnvalda og miðað við fyrirbyggjandi drög virðist sem að komið sé til móts við flestar þær ábendingar sem félagið setti fram í þeirri umsögn. Snarrótin fagnar því og telur sér í lagi afar mikilvægt að skýrt er að kaup á neysluskömmtum skulu ekki vera refsiverð. Þar með eru líkurnar á því að lögreglan hafi lagalegt svigrúm til að hafa afskipti af notendum vegna gruns um að hafa keypt vímuefni ólöglega lágmörkuð. Einnig fagnar félagið að lagabreytingin nái jafnframt til lyfseðilskyldra lyfja sem eru heimiluð í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi, sbr. 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Með þessum tveimur viðbótum nær frumvarpið nú yfir hópinn sem glímur við þyngsta vímuefnavandann á Íslandi, en sá hópur er líklegur til að vera háður lyfseðilskyldum lyfjum og nota þau efni um æð. Jafnframt eru einstaklingar sem glíma við þungan vímuefnavanda útsettari fyrir afskiptum lögreglunnar.

Snarrótin telur þó mikilvægt að benda á eftirfarandi atriði er varða frumvarpið:

- Það er jákvætt að kveðið er á um það að ráðherra setur reglugerð um magn löglegra neysluskammta í samráði við notendur. Í greinargerð er hins vegar gert ráð fyrir að í notendasamráði eigi sæti fulltrúi velferðarþjónustu, fulltrúi lögreglunnar, fulltrúi ráðuneytis heilbrigðisþjónustunnar og fulltrúi frjálsra félagasamtaka. Snarrótin telur

mikilvægt að tryggt verði með beinum hætti að notendur vímuefna og einstaklingar sem glíma við þungan vímuefnavanda verði hluti af þessu notendasamráði. Félagið er meðvitað um að formleg samtök vímuefnanotenda eru ekki starfrækt hér á landi (líkt og tíðkast víða erlendis) og að því þurfi að finna annars konar leið til að bjóða notendum sæti í hópnum. Snarrótin vill leggja fram þá tillögu að notendum verði boðin sæti í gegnum fulltrúa félagasamtaka og fulltrúa velferðarþjónustu. Út frá því er nauðsynlegt að fleiri en einum félagasamtökum verði boðið sæti í hópnum til að ná inn notendum með breiða og ólíka reynslu af refsistefnunni og fjölbreytari hugmyndir um hvaða magn af ávana- og fíkniefnum getur talist til eigin nota. Snarrótin vill því leggja til að fulltrúar í hópnum verði eftirfarandi: Fulltrúi og notandi velferðarþjónustu, fulltrúar og notendur frjálsra félagasamtaka (fleirtala), fulltrúi lögreglunnar og fulltrúi ráðuneytis heilbrigðismála. Með þessu skipulagi er hægt að tryggja og hámarka líkurnar á notendasamráði við gerð reglugerðarinnar, ásamt því að tryggja notendasamráð í framtíðinni þegar endurskoða þarf reglugerðina eins og með tilliti til nýrra efna á vímuefnamarkaðnum.

- Þó greinargerð með frumvarpinu sé ítarleg og vel rökstudd þá mætti þingheimur íhuga nánar en þar er gert þá skaðsemi sem núgildandi vímuefnastefna veldur. Þá stefnubreytingu að gera vörslu og kaup á neysluskömmtum refsilausa má nefnilega hæglega rökstyðja, ekki eingöngu út frá því að „refsingar hafa lítil sem engin áhrif til breytingar á hegðun einstaklinga“ heldur að auki út frá því að refsistefna veldur beinlínis skaða í sjálfri sér. Slík stefna veldur því að fólk með vímuefnavanda færir enn frekar út á jaðarinn í samfélaginu, á erfiðara með að leita sér aðstoðar innan félagsþjónustunnar og heilbrigðiskerfisins og þarf að leggja á sig aukna vinnu og kostnað við að útvega sér nýja neysluskammta ef efnin sem það er háð eru gerð upptæk. Allt leiðir þetta síðan af sér samfélagslegan kostnað og skaða sem koma má í veg fyrir með því að hætta að refsa fólki fyrir að vera með virkan vímuefnavanda. Með öðrum orðum þá eru þeir þingmenn sem afstöðu taka til frumvarpsins hvattir til að íhuga af hverju núverandi vímuefnastefna er skaðleg og hvers konar skaðaminnkun og ávinningur felst í því að snúa frá henni. Um þetta efni eru til fjölmargar rannsóknir og ályktanir alþjóðlegra samtaka en eftir því sem vísindalegri þekkingu á orsökum fíknivanda sem og tengslum hans við aðstæður fólks og áfallasögu fleygir fram þá eru öll rök farin að hníga að því að stefna sem byggist á mildi sé mun áhrifaríkari en refsistefna í því að raunverulega hjálpa fólki til að forðast fíknivanda eða komast upp úr honum.
- Varðandi líflega fyrstu umræðu sem fór fram á Alþingi um frumvarpið þar sem m.a. var töluvert rætt um möguleg áhrif afgangsmæðingar neysluskammta á neyslu ungmenna þá eru þingmenn sérstaklega hvattir til að kynna sér alvöru rannsóknir á áhrifaþáttum þess að ungmenni prófa ákveðin efni og þess að slíkt fíkt leiði af sér fíknivanda. Markverður árangur hefur náðst hérlandis undanfarin ár í að draga almennt úr vímuefnaneyslu ungmenna hérlandis en ljóst er að þegar kemur að áfengi, sem löglegt er að neyta og eiga, þá hljóta að vera aðrir skýringaþættir þar undir en refsistefna. Hvað ólögleg vímuefni varðar er ljóst að refsistefna hefur verið í gildi gagnvart þeim í áratugi og út frá því má jafnframt álykta að aðrir þættir en refsistefna séu að stýra neyslu ungmenna á þeim. Að mati Snarrótarinnar eru forvarnir gagnvart vímuefnaneyslu ólöggráða ungmenna sértækt

verkefni sem er varhugavert að blanda um of saman við þá vímuefnastefnu sem gildir gagnvart fullorðnum og sjálfráða einstaklingum. Refsistefnan hefur mest áhrif ekki þegar kemur að einhverjum óljósum fælingarmætti gagnvart því að ungmenni prófi að neyta vímuefna heldur, enn og aftur, þegar kemur að beinum skaðlegum áhrifum á fullorðið fólk sem er í virkum fíknivanda. Stór hópur fólks leiðist út í fíknivanda og festist í honum þrátt fyrir refsistefnuna og þjáist vegna hennar. Að reyna að greina og skilja þær orsakir, setja sig í spor fólks sem lendir í þessum aðstæðum, er mun heillavænlegri nálgun en að hamra stöðugt og ranglega á því að refsingar hljóti bara að vera besta leiðin til að stýra hegðun fólks að þessu leyti.

Virðingarfullt fyrir hönd Snarrótarinnar

Lilja Sif Þorsteinsdóttir, formaður

Halldór Auðar Svansson, gjaldkeri

Sigrún Jóhannsdóttir, ritari

Gígja Skúladóttir, stjórnarmeðlimur

Halla Kolbeinsdóttir, stjórnarmeðlimur

Darri Eyþórsson, stjórnarmeðlimur

Björgvin Mýrdal, stjórnarmeðlimur

Ásta Sif Árnadóttir, stjórnarmeðlimur

Velferðarnefnd Alþingis, Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirritaður mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauka hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirritaður skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,

Tómas J Sigurðsson

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið

101 Reykjavík

Reykjavík 07.05.2021

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurrunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,

Úrsúla Karen Baldursdóttir

Velferðarnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2021

Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirrituð mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurunnið frá grunni.

Greinargerð:

Afglæpavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauка hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

„Ef neysluskammtar verða lögleiddir þá mun það að öllum líkindum hvetja ungmenni til að prófa þessi ólöglegu efni með ófyrirséðum afleiðingum öðrum en þeim að fíklum mun fjölga.“

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirrituð skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllst,
Valborg Anna Ólafsdóttir.



Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is
Reykjavík, 24. apríl 2021

Efni: Umsögn um mál nr. 714, frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (varsla).

151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1193- 714.mál

Það er von þakkar veitt tækifæri á að veita umsögn um málið. **Það er von fagnar þessu frumvarpi** og telur þetta jákvætt og jafnframt mikilvægt skref í átt að bættara og mannúðlegra samfélagi.

Sjónarmið samtakanna er að tímabært sé að stíga næsta skref, en samþykkt var í maí 2020 að heimila sérstök neyslurými fyrir notendur ávana- og fíkniefna, þar sem að varsla upp að vissu marki er leyfð. Nú er lagt til að heimila vörslu ákveðinna fíkniefna upp að ákveðnu marki almennt.

Við teljum neyslu fíkniefna fyrst og fremst vera heilbrigðisvanda og þar af leiðandi tímaskekkja að refsa fólki fyrir að glíma við fíknisjúkdóm. Minni líkur eru á að einstaklingar með fíknivanda leiti sér aðstoðar þegar refsistefna er höfð að leiðarljósi, bæði hvað varðar meðferð og bráðaaðstoð. Í þessu samhengi er átt við ef ofskömmtnun hefur átt sér stað eða ef slys ber að höndum, í ótta um að vera refsað af yfirvöldum fyrir neyslu og vörslu ávana- og fíkniefna, sem og að efnið væru haldlögð. Viðkomandi einstaklingur yrði í þeim tilfellum því að leita annarra leiða til þess að útvega sér efni í stað þeirra sem haldlögð væru.

Vert að nefna að það að taka ávana- og fíkniefni af einstaklingum sem glíma við fíknisjúkdóm skilar litlu eða engu, nema auknum líkum á áframhaldandi afbrotum til þess að fjármagna neyslu vegna þeirra efna sem haldlögð eru. Við höfum áhyggjur af því að það hafi í för með sér að fólk sé sett í meiri vanda en nauðsynlegt er og geti haft þær afleiðingar að ýta fólki enn frekar í átt að stærri afbrotum, sem hefur sýnt sig hingað til með refsistefnu yfirvalda. Því fögnum við því skrefi sem lagt hefur verið til, með því að leyfa ákveðið magn til eigin nota.

Ljóst er að refsistefnan, sem hefur verið við lýði, hefur ekki skilað tilætluðum árangri og teljum við mjög mikilvægt að beina sjónum okkar að skaðaminnkandi úrræðum með áherslu á forvarnir og meðferðarúrræði. Þeir sem lengst hafa gengið í þessum málum eru Portúgalar og hefur stefnan reynst vel hjá þeim.



Nokkrar breytingar áttu sér stað í kjölfar afglæpavæðingar neyslu og vörslu neysluskammta í Portúgal en þær helstu eru m.a. örlítill aukning notkunar fíkniefna meðal fullorðinna, minni fíkniefnanotkun meðal unglunga og fólks með flókinn vanda (e. problematic drug users), minnkað byrði á dómstólum vegna fíkniefnamála, fleiri hafa fengið aðstoð vegna fíkniefnavanda, færri tilfelli sjúkdóma og dauðsfalla af völdum fíkniefnaneyslu og yfirvöld hafa haldlagt meira magn fíkniefna¹.

Þrátt fyrir að óumdeilt sé að ástandið í Portúgal hafi breyst til batnaðar frá árinu 2001, þegar stefnubreyting varð í fíkniefnalöggjöfinni, er ekki hægt að fullyrða að nein þessara breytinga megi rekja beint til afglæpavæðingar neysluskammta. Hins vegar má ekki gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur þar og telja má þessar breytingar sem ansi sterkar vísbendingar um að afglæpavæðing hafi haft þessi jákvæðu áhrif.

Með minnkaðri byrði á refsivörslu- og dómskerfinu myndi sparast fjármagn sem vel mætti nýta í forvarnarstarf og uppbyggingu meðferðarúrræða sem og að dýrmætum tíma lögreglunnar væri betur varið í önnur og stærri brot, svo að dæmi séu tekin. Með nýrri nálgun á vandann væri hægt að aðstoða fleiri, spara fjármuni sem annars færu í rekstur mála hjá lögreglu og dómstólum og á sama tíma verja fjármunum sem sparast frekar í heilbrigðiskerfi sem og forvarnar-, fræðslu-, og meðferðarstarf.

Með núverandi fyrirkomulagi fer fólk á sakaskrá og hlýtur refsingu (oft í formi sekta) fyrir meðferð og vörslur fíkniefna (4.mgr. 2.gr.) sem að jafnframt er algengasta brotið. Árið 2018 var það 78% allra fíkniefnabrota og 2019 var hlutfallið 77,5%². Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2020 er hlutfallið 75% allra fíkniefnabrota³.

Við teljum núverandi löggjöf og framkvæmd vera mjög íþyngjandi fyrir fólk með fíknisjúkdóm, að fá refsingu í stað aðstoðar.

Það liggur í augum uppi að auknar líkur eru á bata ef fólki er gefinn kostur á að sækja sér aðstoð í stað refsingar. Eins og Portúgalar hafa gert er fólki ekki gerð refsing fyrir neysluskammta en ávallt hvatt til að leita sér aðstoðar þó ekki sé refsað fyrir ef það sækir sér ekki aðstoðina. Markmið löggjafans í þeirra augum er ekki að dæma fólk í meðferð þó leyfilegt sé að gera það í neyðartilfellum, eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpi þessu.

Þá má einnig nefna stimplunaráhrif til sögunnar, þeir sem eru á sakaskrá eiga oft erfiðara með að fá húsnæði, atvinnu, lán og fleira. Erfitt getur reynst fyrir einstaklinga að snúa við blaðinu í átt að bata ef aðstæður sem þessar standa í vegi fyrir viðkomandi.

¹ Caitlin Elizabeth Hughes og Alex Steven, „What Can We Learn From The Portuguese Decriminalization of Illicit Drugs“ (2010) 50 *British Journal of Criminology* 999, 1017

<http://www.antonioacasella.eu/archiva/Hughes_portuguese_decriminalization_2010.pdf> skoðað 21. apríl 2021.

² Ríkislögreglustjóri, „Afbrotatölfræði 2019 1. janúar- 31. desember 2019“ [2019] Afbrotatölfræði

<<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/02/Afbrotatolfraedi-2019.pdf>> skoðað 21. apríl 2021.

³ Ríkislögreglustjóri, „Afbrot árið 2020- bráðabirgðatölur“ [2020] Afbrotatölfræði

<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Bradabirgdatolur-2020_GB.pdf> skoðað 21. apríl 2021.



Við viljum stuðla að jöfnum tækifærum í samfélaginu og því teljum við þetta skref í rétta átt að mannúðlegra kerfi, fyrir alla.

Að lokum eru nokkrar vangaveltur varðandi framkvæmd laganna ef að frumvarpið nær í gegn og verður að lögum.

Ef einstaklingur er með meira magn efna í sínum fótum en leyfilegt er, hver yrði þá framkvæmdin? Yrði allt efnið handlagt? Væri bara umfram magnið af því sem leyfilegt er haldlagt? Skiptir máli hvort um ræðir rétt yfir mörkum leyfilegs magns eins og það mun verða ákvarðað í reglugerð, eða hvort um væri að ræða verulegt magn, hver framkvæmdin yrði í þeim tilvikum, allt haldlagt eða einungis umfram leyfilegt magn?

Að öðru leiti erum við sammála þeim sjónarmiðum sem fylgdu greinargerð frumvarsins og vonumst til þess að tillagan nái í gegn og verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Það er von,



Hlynur Kristinn Rúnarsson
Hlynur Kristinn Rúnarsson,

stjórnarformaður.

Kópavogur 28. apríl 2021



Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).^[1]

Æskan er alfarið á móti þessu frumvarpi, það mun auka neyslu vímuefna í samfélaginu sem mun koma verst niður á börnum.

Hér er fjallað um málið án þess að horfa eftir áhrifum sem það hefur á líf barna og er það í mótsögn við Barnasáttmálann^[2] sem Alþingi á að vinna eftir.

Vímuefnaneysla rústar lífi barna og ungmenna. Þetta frumvarp er nokkurskonar rúletta hvað varðar þeirra framtíðarmöguleika.

Æskan vitnar í þær umsagnir sem hafa verið sendar inn að undanfögnu^[3] vegna sífelldra árása á forvarnir á Íslandi. Forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna.^[4]

Vímuefni eru með helstu hindrunum sjálfbærrar þróunar mannkyns. Þau hafa neikvæð áhrif á allar stoðir samfélagsins (umhverfi, efnahagur og samfélag) og snerta við öllum hliðum samfélagsins. Vímuefni stefna mannauði í voða, grafa undan hagvexti, veikja innviði samfélagsins og eru gríðarlegt byrði á heilbrigðiskerfinu.^[5]

Þetta frumvarp opnar gáttir fyrir aukið magn og úrval vímuefna og ýtir undir aukna neyslu vegna aukins framboðs. Börn verða því skotspónn vímuefnasala í meira mæli.

Æskan hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. **Lýðheilsumat** er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta til að koma í veg fyrir að ráðamenn leggi fram mál sem eyðileggja svo mikið fyrir samfélaginu.

Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið til að draga sem mest úr neyslu áfengis og annara vímuefna. Æskan lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem Æskan er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims **Movendi**.

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri Æskan barnahreyfing

Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir Formaður Æskan Barnahreyfing

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/1193.html>

[2] <https://www.barnasattmali.is/>

[3] <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-406.pdf>

[4] <https://rannsoknir.is/>

[5] <https://www.heimsmarkmidin.is/>